

Framkvæmd Umferðaröryggisáætlunar

Ársskýrsla 2017



desember 2018



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ



Samgöngustofa



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

| | |
|---|-----------|
| INNGANGUR | 4 |
| 1. UMFERÐARÖRYGGISRÁÐ | 4 |
| 2. SAMRÁÐSHÓPUR UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUNAR | 4 |
| 3. FJÁRHAGSÁÆTLUN | 5 |
| 4. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2017: VEGFARENDUR | 6 |
| 4.1. SJÁLFVIRKT HRAÐAEFTIRLIT, MÆLISTAÐIR, EIGNAKAUP, VIÐHALD OG REKSTUR..... | 6 |
| 4.2. ÚRVINNSLA GAGNA ÚR SJÁLFVIRKUM LÖGGÆSLUMYNDAVÉLUM..... | 8 |
| 4.3. SÉRSTAKT EFTIRLIT LÖGREGLU MEÐ HRAÐAKSTRI..... | 9 |
| 4.4. AUGLÝSINGAR, KYNNINGAR OG FRÆÐSLA FYRIR ALMENNING..... | 10 |
| Breytingar á umferðarhraða..... | 10 |
| Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag..... | 12 |
| 4.5. FRÆÐSLA TIL BARNNA OG UNGMENNA..... | 13 |
| Fræðsla í grunnskólum..... | 13 |
| Fræðsla í framhaldsskólum..... | 14 |
| 4.6. FRÆÐSLA TIL ERLENDRA ÖKUMANNA..... | 15 |
| 4.7. ÖNNUR VERKEFNI..... | 17 |
| Skilti í Svínahrauni með fjölda látinna..... | 17 |
| Þátttaka í ráðstefnu og átaki annarra..... | 17 |
| Höldum Fókus skjáþurrkur fyrir síma..... | 17 |
| Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa..... | 17 |
| 5. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2017: VEGAKERFI | 18 |
| 5.1. EYÐING SVARTBLETTA, LAGFÆRINGAR Á UMhverfi VEGA OG UPPSETNING VEGRIÐA..... | 18 |
| 5.2. UNDIRGÖNG FYRIR BÚFÉ OG HVÍLDARSVÆÐI VIÐ ÞJÓÐVEGI..... | 20 |
| 5.3. ÁTAK VEGNA MERKINGA VIÐ EINBREIÐAR BRÝR..... | 20 |
| 5.4. ÝMIS VERKEFNI..... | 21 |
| Umferðaröryggisúttekt á vegum..... | 21 |
| Umsjón öryggisaðgerða á vegum..... | 21 |
| Skýrsla um meðalhraðaeftirlit..... | 21 |
| Uppfærsla vegabekju Vegagerðarinnar hjá Samgöngustofu..... | 21 |
| Prentkostnaður..... | 21 |
| 6. AÐGERÐIR OG VERKEFNI Á ÁRINU 2017: STEFNUMÓTUN, RANNSÓKNIR OG LÖGGJÖF | 22 |
| 6.1. KÖNNUN Á AKSTURSHÉGDUN ALMENNINGS..... | 22 |
| 7. VERKEFNI ÁN SÉRSTAKRAR FJÁRVEITINGAR | 25 |
| 7.1. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF..... | 25 |
| VIÐAUKI I. SJÁLFVIRKT UMFERÐAREFTIRLIT | 27 |
| VIÐAUKI II. LYKILSTÆRÐIR ÚR SLYSASKRÁ SAMGÖNGUSTOFU | 35 |
| VIÐAUKI III. EYÐING SVARTBLETTA, LAGFÆRINGAR Á UMhverfi VEGA OG UPPSETNING VEGRIÐA | 38 |
| VIÐAUKI IV. UNDIRGÖNG FYRIR BÚFÉ OG HVÍLDARSVÆÐI VIÐ ÞJÓÐVEGI | 49 |
| VIÐAUKI V. ÁTAK VEGNA MERKINGA VIÐ EINBREIÐAR BRÝR | 51 |
| VIÐAUKI VI. ÁRSSKÝRSLA GRUNDASKÓLA UM GRUNNSKÓLAFRÆÐSLU | 53 |

Ljósmynd á forsiðu: Einar Magnús Magnússon

Inngangur

Á grundvelli laga um samgönguáætlun nr. 71/2002 var þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 lögð fram af samgönguráðherra og samþykkt á Alþingi, en umferðaröryggisáætlun var þá í fyrsta sinn hluti af fjögurra ára samgönguáætlun. Í dag byggir umferðaröryggisáætlun á markmiði um öruggar samgöngur sem sett er fram í samgönguáætlun á grundvelli laga nr. 33/2008. Þar er mótuð stefna til tólf ára og á grundvelli hennar, verkefnaáætlun til fjögurra ára og aðgerðaáætlun fyrir eitt ár í senn. Gildandi stefnumótandi samgönguáætlun er fyrir árin 2011-2022 og verkefnisáætlun fyrir árin 2015-2018. Skýrsla um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar er hér lögð fram í þrettánda sinn og er í henni gerð grein fyrir framkvæmd og árangri aðgerða.

Í núgildandi umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar er framkvæmdaáætlun um sértækar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum. Við val aðgerða í fyrstu umferðaröryggisáætluninni var m.a. stuðst við tillögur starfshóps um umferðaröryggisáætlun til ársins 2012 – markmið og aðgerðir, sem byggðu á arðsemisgreiningu. Við mat á forsendum um virkni aðgerða var í flestum tilfellum stuðst við erlendar rannsóknir og ber þá sérstaklega að nefna handbók Transportökonomisk Institutt í Noregi um virkni umferðaröryggisaðgerða.

Síðustu árin hefur ekki verið ráðist í nýja greiningu heldur hefur verið byggt á niðurstöðum upphaflegu greiningarinnar og reynt eftir fremsta megni að uppfæra þær í takt við tímann. Aðgerðir á framkvæmdaáætlun skiptast í eftirtalda flokka: Vegfarendur, vegakerfi, ökutæki og stefnumótun, rannsóknir og löggjöf.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2022 eru tvö;

- Að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum það ár.
- Að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferð lækki að jafnaði um ekki minna en 5% á ári til ársins 2022.

1. Umferðaröryggisráð

Sérstakt umferðaröryggisráð, sem ætlað er að vinna að framgangi umferðaröryggisáætlunar tók til starfa árið 2005. Árið 2017 sátu í umferðaröryggisráði Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, og formaður ráðsins, Þórólfur Árnason forstjóri Samgöngustofu, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri.

2. Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar

Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar var skipaður 2005. Hlutverk samráðshópsins er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun á grundvelli umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Árið 2017 var Ásta Þorleifsdóttir, sérfræðingur hjá samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, formaður samráðshópsins. Aðrir fulltrúar hópsins voru Gunnar Geir Gunnarsson deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu, Auður Þóra Árnadóttir forstöðumaður umferðardeildar hjá Vegagerðinni og Jónína Sigurðardóttir aðstoðaryfirlögreglupjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra.

3. Fjárhagsáætlun

Tafla 1. Áætlun um tekjur og gjöld.

| Tekjur 2017 | millj. kr. | Gjöld 2017 | millj. kr. |
|--------------------------------|-------------------|------------------------------------|-------------------|
| Frá vegaáætlun | 500,0 | Vegfarendur | 113,6 |
| Úr rekstri Ríkislögreglustjóra | 0,0 | Vegakerfið | 458,0 |
| Frá Samgöngustofu | 75,0 | Ökutæki | 0 |
| | | Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf | 3,4 |
| Til ráðstöfunar alls: | 575,0 | Samtals gjöld: | 575,0 |

Tafla 2. Kostnaður við einstök verkefni

| Heiti verkefnis | | Áætlun millj. Kr | Rauntölur millj. kr |
|---|---|-------------------------|----------------------------|
| <i>Vegfarendur</i> | | | |
| 4.1 | Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur | 27,0 | 20,4 |
| 4.2 | Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum | 15,0 | 15,0 |
| 4.3 | Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri | 0,0 | 0,0 |
| 4.4 | Auglýsingar, kynningar og fræðsla fyrir almenning | 34,9 | 31,7 |
| 4.5 | Fræðsla til barna og ungmenna | 17,4 | 20,6 |
| 4.6 | Fræðsla til erlendra ökumanna | 12,4 | 14,6 |
| 4.7 | Önnur verkefni | 6,9 | 2,0 |
| <i>Vegakerfi</i> | | | |
| 5.1 | Eyðing svartbletta, umhverfi vega og vegrið | 385,0 | 356,1 |
| 5.2 | Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi | 25,0 | 39,0 |
| 5.3 | Átak vegna merkinga við einbreiðar brýr | 30,0 | 14,4 |
| 5.4 | Ýmis verkefni | 16,0 | 9,9 |
| 5.5 | Ófyrirséð verkefni | 2,0 | 0,0 |
| <i>Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf</i> | | | |
| 6.1 | Könnun á aksturshegðun almennings | 3,4 | 2,4 |
| Kostnaður alls | | 575,0 | 526,1 |

4. Aðgerðir og verkefni á árinu 2017: Vegfarendur

Í þessum flokki eru verkefni sem miða að því að bæta æskilega hegðun og viðhorf hjá öikumönnum og öðrum vegfarendum. Um er að ræða eftirlit lögreglu, sjálfvirkt eftirlit sem og fræðslu- og áróðursverkefni Samgöngustofu.

4.1. Sjálfvirkt hraðaeftirlit, mælistaðir, eignakaup, viðhald og rekstur

Mælistaðir fyrir sjálfvirkt hraðaeftirlit í dreifbýli eru 24. Á Hringvegi milli Hveragerðis og Selfoss eru tveir mælistaðir, tveir á Hringvegi á Kjalarnesi, tveir í Hvalfjarðargöngum, þrjár á Hringvegi í Hvalfjarðarsveit, einn á Garðskagavegi, tveir á Sandgerðisvegi, tveir í Fáskrúðsfjarðargöngum, fjórir í Bolungarvíkurgöngum og sex í Héðinsfjarðargöngum. Hraðamyndavélar til notkunar í dreifbýli eru 16. Ellefu af vélunum 16 eru af norskri gerð en 5 eru af þýskri gerð og eru þær síðastnefndu notaðar í Bolungarvíkurgöngum og Héðinsfjarðargöngum.

Ekki var keypt nein hraðamyndavél árið 2017.

Vegagerðin sá, eins og áður, um almennan rekstur myndavélanna og viðhald mælistaðanna. Sem dæmi má nefna að reglulega þarf að endurnýja svokallaðar myndavélaínur við mælistaði. Vegagerðin sér jafnframt um að senda búnaðinn til útlanda í kvörðun með reglulegu millibili, eftir því sem við á. Árið 2017 var greiddur kostnaður vegna kvörðunar á 12 hraðamyndavélum sem notaðar eru í dreifbýli. Um leið og vélarnar eru kvarðaðar er viðhaldi þeirra sinnt.



Eins og greint var frá í síðustu fimm ársskýrslum var, í samstarfi við Reykjavíkurborg, keypt ein hraðamyndavél af þýskri gerð árið 2012. Vélina passar í myndavélaakassa sem eru til staðar við allmörg gatnamót í Reykjavík. Stofnkostnaður vegna kaupa á vélinni, nettengingar myndavélaakassanna og fl. skiptist á milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar. Fyrri hluta árs 2014 tókst að koma þessari vél í gagnið. Kostnaður við viðgerðir og viðhald vélarinnar, þ.m.t. kvörðun, er greiddur af fjármunum til umferðaröryggisáætlunar. Síðla árs 2015 var myndavélin uppfærð, þ.e. sett 11 MP vél í stað 5 MP vélar.

Eins og fram kom í ársskýrslu fyrir árið 2013 var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu það ár veittur styrkur til að kaupa hraðamyndavél til notkunar í bíl. Kostnaður við rekstur þeirrar vélar er þó ekki greiddur af fjármunum til umferðaröryggisáætlunar.

Á árinu 2017 voru 17 stafrænar hraðamyndavélar í notkun. Fyrstu vélarnar voru teknar í notkun í júlí 2007 og höfðu því verið virkar í 11 ár. Hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandi, á Vestfjörðum, Norðurlandi-eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Brotin eru skráð hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra, fyrir utan vélina sem staðsett eru á höfuðborgarsvæðinu, og eru þau brot skráð hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Vélarnar eru staðsettar víða um land en þó eru flestar á suðvesturhorninu. Tvær eru í Hvalfjarðargöngum, tvær í Fáskrúðsfjarðargöngum, tvær á Suðurlandi, þrjár í Hvalfjarðarsveit, þrjár í Héðinsfjarðargöngum, tvær í Bolungarvíkurgöngum og tvær á Kjalarnesi. Þá er ein vél, staðsett í bíl, til notkunar á höfuðborgarsvæðinu.


Vél á Suðurnesjum var ekki í notkun, og þá var gatnamótavélin á höfuðborgarsvæðinu einnig óvirk árið 2017. Um allar hraðamyndavélarnar gildir að þær þarf að kvarða reglulega og eru þær óvirkar á meðan.

Fjöldi skráðra hraðakstursbrota með sjálfvirkum myndavélum árin 2007 til 2017 kemur fram í töflu 3.

Tafla 3. Fjöldi skráðra hraðakstursbrota með sjálfvirkum myndavélum


| Ár | Fjöldi brota | Fjöldi brota á dag | Fjöldi hraðamyndavéla |
|------|--------------|--------------------|-----------------------|
| 2007 | 6.872 | 19 | 2 |
| 2008 | 16.385 | 44 | 9 |
| 2009 | 23.134 | 63 | 10 |
| 2010 | 22.322 | 61 | 10 |
| 2011 | 13.238 | 36 | 15 |
| 2012 | 18.887 | 52 | 15 |
| 2013 | 13.028 | 36 | 15 |
| 2014 | 28.298 | 78 | 18 |
| 2015 | 33.812 | 93 | 18 |
| 2016 | 45.894 | 126 | 18 |
| 2017 | 42.969 | 118 | 17 |

Á mynd 1 sést dreifing brotanna á árunum 2015 til 2017 eftir mánuðum. Árið 2015 voru flest brotin yfir sumarmánuðina (júní til ágúst), árið 2016 voru flest í júlí til sept, og árið 2017 ágúst til og með október. Fæst brot voru skráð í febrúar eins og árið 2016. Þegar litið er til fjölgunar/fækkunar niður á mánuði má sjá að í flestum mánuðum var 6-25% fækkun. Hins vegar var 56% fjölgun í marsmánuði 2017 miðað við 2016, og 48% aukning í októbermánuð. Þá var 6% fjölgun í septembermánuði.



Mynd 1. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu árin 2015-2017, greindur eftir mánuðum

Á mynd 2 sést fjöldi skráðra hraðakstursbrota, greint eftir vettvangi. Fjöldi brota er misjafn og ræðst það að mestu leyti af virkni véla og umferðarpunga. Flest brotin voru skráð á vélina á höfuðborgarsvæðinu, eða 16.779. Næstflest brot voru tekin á vélunum í Hvalfjarðargöngum eða 9.586 og var mest aukning milli ára þar. Hlutfallslega var fækkun milli ára á öllum stöðum nema í Hvalfjarðargöngum og á vélinni á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu árin 2015-2017, greindur eftir vettvangi

| | |
|--------|--------------|
| ÁÆTLUN | 27.000.000,- |
| RAUN | 20.444.017,- |

4.2. Úrvinnsla gagna úr sjálfvirkum löggæslumyndavélum

Lögreglan fær fjármagn af viðhaldsfé Vegagerðarinnar til þess að sinna úrvinnslu gagna úr löggæslumyndavélum. Í raun er um að ræða rekstrarkostnað og þarf að tryggja þessu verkefni annan fjárstofn í framtíðinni.

| | |
|--------|--------------|
| ÁÆTLUN | 15.000.000,- |
| RAUN | 15.000.000,- |

4.3. Sérstakt eftirlit lögreglu með hraðakstri

Umferðaröryggisáætlun 2005-2008 var fyrsta umferðaröryggisáætlunin sem var fjármögnuð á samgönguáætlun. Í aðdraganda þeirrar áætlunar var gert arðsemismat (e. cost-benefit analysis) á ýmsum mögulegum verkefnum sem lögð voru til í því skyni að auka umferðaröryggi á landinu.

Sú aðgerð sem þótti hvað arðbærust var að auka við hraðaeftirlit og ölvunareftirlit lögreglunnar. Þar af leiðandi fékk Ríkislögreglustjóri fjármagn af umferðaröryggisáætlun sem var eyrnamerkt sérstöku hraða- og ölvunareftirlit, til viðbótar við hefðbundið eftirlit. Árlega hefur Ríkislögreglustjóri úthlutað fjármunum til lögregluembættanna sem svo aftur skila skýrslu um hvernig fjármunirnir voru nýttir í þetta sérstaka eftirlit. Hægt er að sjá nýtingu þeirra fjármuna í framkvæmdaskýrslum síðustu ára.

Árið 2017 var fyrsta árið frá árinu 2005 sem engu fjármagni var veitt í sérstakt hraðaeftirlit. Ekki hefur árlega verið sérstök fjáveiting til ölvunareftirlitsins en á hverju ári hefur verið veitt fé í hraðaeftirlitið, þar til núna. Ætla má að hraðaeftirlit sé því með allra minnsta móti á landsvísu og er það mikið áhyggjuefni, enda hefur sú aðgerð talist ein sú arðbærasta af umferðaröryggisverkefnum.

| | |
|--------|-----|
| ÁÆTLUN | 0,- |
| RAUN | 0,- |

4.4. Auglýsingar, kynningar og fræðsla fyrir almenning

Árið 2017 var ráðist í nokkur ný auglýsingaverkefni. Framleiddar voru auglýsingar undir merkinu „Gerum ekki neitt“ þar sem ráðist var gegn þeirri hegðun að þurfa sífellt að bregðast við pípi í símanum undir stýri. Seint í nóvember voru birtar auglýsingar á netinu með þessu slagorði þar sem venjulegu fólki var fagnað eins og hetju fyrir það eitt að láta símann eiga sig þegar hann kallaði á þau undir stýri. Milli jóla og nýárs voru birtar auglýsingar þar sem fólk var hvatt til þess að setja sér nýársheitið að gera ekki neitt (þegar síminn kallar á þig undir stýri) og voru auglýsingar af sama toga sýndar snemma í janúar 2018. Einnig voru framleiddar stuttar auglýsingar þar sem fólk var hvatt til þess að fagna skrítnum hátíðisdögum (t.d. StarWars deginum og degi þagnarinnar) með því að gera ekki neitt (þegar síminn kallar á þig undir stýri). Þessar stuttu auglýsingar voru sýndar árið 2018.



Nýjar útvarpsauglýsingar voru framleiddar og birtar. Voru þær gegn notkun snjalltækja undir stýri og var þemað þannig að skilaboðunum var snúið við, t.d. „Myndir sem þú tekur af sjálfum þér undir stýri misheppnast nánast alltaf. Ekki láta aksturinn skemma myndina af þér“.




Þriðja Höldum Fókus herferðin leit dagsins ljós. Í þetta skiptið var um að ræða viðburð í Smáralind þar sem sýndarveruleika og veltibíl var skeytt saman til þess að búa til þá lífsreynslu að vera í bíl sem veltur vegna þess að ökumaður var upptekinn við að horfa á símann sinn.

Auk nýrra auglýsinga voru birtar eldri auglýsingar. Í samstarfi við Vínbúðina voru auglýsingarnar Bara einn sýndar um sumarið og í desember. Einnig var greitt fyrir birtingu fræðslumynda á RÚV sem hafa það að markmiði að fræða fólk um ýmislegt er við kemur umferð og umferðaröryggi.

| | |
|--------|--------------|
| ÁÆTLUN | 34.900.000,- |
| RAUN | 31.695.229,- |

Breytingar á umferðarhraða

Á mynd 3 eru upplýsingar um þróun umferðarhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringveginum, á tímabilinu 2004-2017, skv. umferðargreinum Vegagerðarinnar en hraðinn hefur verið mældur á sambærilegan hátt frá árinu 2004. Athuga þó að árin 2012 og 2015 eru staðirnir 9 en ekki 10. Bilun varð í umferðargreini á Hringvegi við Pétursey og vantar því gögn frá honum fyrir árið 2012. Vegna framkvæmda á Hellisheiði 2015 komu engin gögn úr umferðargreini þar það ár.




Mynd 3. Meðaltal ökuhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringvegi 2004 – 2017. *) Mælistað við Pétursey er sleppt árið 2012. **) Mælistað við Hellisheiði er sleppt árið 2015.

Meðalökuhraði á 10 stöðum á Hringvegi sumarið 2017 var 93,3 km/klst. og stóð hann í stað frá sumrinu áður. Meðaltal v_{85} hraða (v_{85} er sá hraði sem 15% ökumanna fara yfir) var 104,1 km/klst. og hafði hann hækkað um 0,1 km/klst. frá fyrra ári.

Þegar breytingar á meðalhraða að sumarlagi frá fyrra ári voru skoðaðar kom í ljós að meðalhraðinn hækkaði um 1,2 km/klst. við Gljúfurá í Húnavatnssýslu, um 0,7 km/klst. á Hellisheiði og um 0,5 km/klst. við Hvassafell í Norðurárdal. Meðalhraðinn lækkaði um 0,7 km/klst. í Eldhrauni, en lækkaði um 0,4 km/klst. við Pétursey, við Árvelli á Kjalarnesi og í Öxnadal. Meðalhraðinn lækkaði um 0,3 km/klst. í Langadal og um 0,1 km/klst. í Hrútafirði en stóð í stað á Hafnarmelum. Ofangreindar hraðatölur gilda fyrir umferð í frjálsum flæði, en það þýðir að bil milli ökutækja og umferðarmagn er með því móti að reiknað er með að hver ökumaður velji sinn ökuhraða.

Á mynd 4 sést hvernig það hlutfall ökumanna sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða breytist á völdum mælistöðum á tímabilinu 2015-2017. Sumarið 2017 var þetta hlutfall, sjötta árið í röð, hæst á Hringvegi í Langadal, þar sem það var 3,66%.



Mynd 4: Hlutfall ökumanna á Hringvegi sem aka hraðar en 30 km/klst. yfir leyfilegum hámarkshraða. Hæst er hlutfallið í Langadal þótt það lækki aðeins frá fyrra ári. Hækkun mælist fjórða árið í röð á Hafnarmelum og þriðja árið í röð við Hvassafell í Norðurárdal. *) Mælistað við Helligsheiði er sleppt árið 2015.

Ölvunar- og fíkniefnaakstur: Staðan í dag

Árið 2017 létust tveir af völdum ölvunar- eða fíkniefnaaksturs. Einnig slösuðust 17 manns alvarlega vegna ölvunar eða notkunar fíkniefna við akstur. Upplýsingar um afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs síðustu ára má sjá í töflunni hér að neðan.

Tafla 4. Afleiðingar ölvunar- og fíkniefnaaksturs

| Ár | Látnir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs | Látnir alls | Hlutfall | Alvarlega slasaðir af völdum ölvunar- og fíkniefnaaksturs | Alvarlega slasaðir alls | Hlutfall |
|-----------------|---|-------------|------------|---|-------------------------|-----------|
| 2013 | 3 | 15 | 20% | 10 | 177 | 6% |
| 2014 | 0 | 4 | 0% | 14 | 177 | 8% |
| 2015 | 0 | 16 | 0% | 7 | 178 | 4% |
| 2016 | 5 | 18 | 28% | 11 | 215 | 5% |
| 2017 | 2 | 16 | 13% | 17 | 189 | 9% |
| Meðaltal | 2,0 | 13,8 | 14% | 11,8 | 187,2 | 6% |

Árið 2006 var brotaflokknum „akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ bætt við málaskrárkerfi lögreglunnar (á grundvelli breytinga á umferðarlögum nr. 50/1987 með lögum nr. 66/2006). Lögin öðluðust gildi 14. júní 2006 og í framhaldinu tók lögreglan að prófa hjá ökumönnum hvort ekið væri undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna. Prófið felur í sér að munnvatn eða sviti er tekið af ökumanni til að sjá hvort hann er undir áhrifum. Ef prófið bendir til þess að grunur sé á rökum reistur er blóð tekið til rannsóknar.

4.5. Fræðsla til barna og ungmenna

Fræðsla í grunnskólum


Skólaárið 2016-2017 var tólfta starfsár Grundaskóla sem móðurskóla í umferðarfræðslu. Hefur umferðarfræðsla í skólum á landsvísu tekið miklum stakkaskiptum á þessum tíma. Í upphafi var vart hægt að finna þann skóla á landinu sem sinnti umferðarfræðslu en síðustu ár hafa yfir 100 skólar haft umferðarfræðslu í sinni skólanámskrá.

Hlutverk Grundaskóla er margþætt. Honum er ætlað að gera og safna námsefni og koma því á vefinn www.umferd.is og jafnframt að halda umferðarfræðslunni að grunnskólum landsins, minna á námsefnið og hvetja til notkunar þess. Honum er ætlað að sinna umferðarfræðslu í sínu nærumhverfi og vera þannig fyrirmynd annarra skóla þannig að aðrir skólar geti lært af þessari starfsemi. Einnig ber honum að starfa að verkefnum á landsvísu.

Fyrir áratug tóku eingöngu tveir til þrjár skólar fyrir umferðarfræðslu með sínum nemendum. Fleiri og fleiri skólar og starfsmenn þeirra taka fræðsluna upp og sinna af miklum myndarbrag. Líklegt verður að teljast að fræðslan sem fer fram í grunnskólum sé farin að vega þyngra í umferðaröryggisstarfinu en áður. Í fjölmörgum skólum er nú ráðist í stór umferðarþemaverkefni sem eru samþætt öðru starfi skólanna en ekki í stutt stök námskeið sem gjarnan voru haldin hér áður fyrr. Í dag er algengara að foreldrar og nærsamfélagið taki allt þátt í verkefnunum og slík vinna mun skila meiru þegar til lengri tíma er litið. Örugg umferð er ekki verkefni skólanna einna heldur samfélagsins alls.



Starf Grundaskóla gekk út á gerð námsefnis og kynningu á því til annarra skóla. Margir þemadagar eru tileinkaðir umferðaröryggi og geta aðrir skólar leitað til Grundaskóla eftir upplýsingum og aðstoð við að halda slíka daga. Nánar má sjá um starf Grundaskóla og útlitun á verkefnum í Viðauka VI.



Framleidd voru ný endurskinsmerki og þeim dreift í alla 8.-10. bekki landsins í upphafi árs 2018. Útlit merkjana var hannað með hliðsjón af ráðgjöf ungs fólks og voru skilaboð merkjana í einhverjum tilfellum e.t.v. á gráu svæði. Var það með vilja gert til þess að auka líkur á notkun merkjana.

Sögurnar um krakkana í Kátugötu voru settar á netið á síðuna www.umferd.is. Er þar nú hægt að fletta öllum bókunum og lesa með eða hlusta. Einnig voru sögurnar settar sem hljóðskrár á síðuna fyrir þau tilfelli þar sem ekki finnst geislaspilari á heimilum barna.

Samið var við KrakkaRÚV um að gera 8 þætti um umferðaröryggi og sýna í barnatímanum. Greitt var fyrir verkefnið árið 2017 en framleiðslu lauk árið 2018.

Tafla 5. Slys á 0-14 ára börnum 2013-2017

| | Látin | Alvarlega slösuð | Lítið slösuð | Samtals |
|-----------------|------------|------------------|--------------|------------|
| 2013 | 2 | 19 | 90 | 111 |
| 2014 | 0 | 20 | 86 | 106 |
| 2015 | 2 | 18 | 96 | 116 |
| 2016 | 1 | 15 | 106 | 122 |
| 2017 | 2 | 12 | 109 | 123 |
| Meðaltal | 1,4 | 17 | 97 | 116 |

| | |
|--------|--------------|
| ÁÆTLUN | 17.400.000,- |
| RAUN | 20.579.497,- |

Fræðsla í framhaldsskólum

Árið 2009 hófst Umferðarstofa handa við að framleiða fræðsluefni fyrir framhaldsskóla. Nefnist það verkefni Svo kom það fyrir mig og byggist það upp á stuttum kvikmyndum um raunveruleg umferðarslys sem átt hafa sér stað á Íslandi. Flest þeirra eru banaslys þar sem ungir ökumenn koma við sögu og verða jafnvel vinum sínum eða ættingjum að bana. Í myndunum er fjallað um slysið, orsakir þess og aðdraganda auk þess sem rætt er við hlutaðeigandi; bílstjórann í sumum tilfellum en einnig aðstandendur fórnarlamba og gerenda.



Upphaflega var hugmyndin að kenna kennurum á efnið og láta þeim svo eftir að sýna myndirnar og vekja umræðu um efnið. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir og eru fáir skólar sem kenna efnið sjálfir en þess í stað hefur starfsfólk Samgöngustofu verið duglegt að mæta í skóla og kenna efnið þegar eftir því er kallað. Auk myndanna sjá krakkarnir erindi um umferðaröryggi og þær hættur sem steðja að ungum ökumönnum, þ.m.t. ölvun, fíkniefni og farsímanotkun. Einnig er farið yfir ökunámið, punktakerfið og hvaða afleiðingar bíða þeirra ökumanna sem ekki standa sig vel fyrstu árin.

Í þeim sex myndum sem hafa verið framleiddar undir merkjum þessa verkefnis hefur verið tekið á mjög mörgum áhættuþáttum meðal ungra ökumanna. Ein myndin fjallar um ungt fólk í spyrnu (hraðakstur), ein fjallar um ölvunarakstur, ein fjallar um beltanotkun á stuttum leiðum innanbæjar, ein fjallar um beltanotkun í aftursæti og truflun bílstjóra við akstur og sú nýjasta fjallar um farsímanotkun undir stýri. Auk þessara er ein myndin frásögn föður sem missti son sinn í umferðarslysi.

Engin ný mynd var framleidd árið 2017 og kom því ekki til kostnaðar á þessum lið þetta árið.

| | |
|--------|-----|
| ÁÆTLUN | 0,- |
| RAUN | 0,- |

4.6. Fræðsla til erlendra öikumanna

Árið 2013 var framleidd mynd ætluð erlendum ferðamönnum þar sem álfurinn Elfis kennir ferðamönnum á sérstakar aðstæður á íslenskum vegum og það sem er sérstakt og óvenjulegt við íslenska vegakerfið. Myndina má sjá á síðunni www.drive.is. Árið 2017 var sett fjármagn í það verkefni að auglýsa myndina á netinu og var þeirri markaðssetningu beint til þeirra sem voru að kynna sér landið og þeirra sem skoðuðu ferðaskrifstofur, bílaleigur o.þ.h. sem gefur til kynna að viðkomandi sé á leiðinni til Íslands. Einnig var ráðist í framleiðslu á tveimur nýjum stuttmyndum um Elfis en fjalla þær um vetrarakstur annars vegar og sýnileika hins vegar



Undir lok árs 2015 var ljóst að kínverskir ferðamenn voru að lenda í fleiri slysum en aðrir ferðamenn, sérstaklega ef litið er til fjölda þeirra hérlandis. Árið 2016 var ráðist í að þýða bækling sem kallast á ensku „How to drive in Iceland“ yfir á kínversku og voru kínverska sendiráðið á Íslandi og íslenska sendiráðið í Kína fengin með í dreifingu á þeim bæklingi. Kínverska sendiráðið á Íslandi dreifði bæklingnum til kínverskra ferðaþjónustuaðila sem staðsettir eru hérlandis og beina starfsemi sinni svo að segja eingöngu til kínverskra ríkisborgara. Íslenska sendiráðið í Kína dreifir bæklingnum til allra sem sækja um vegabréfsáritun til Íslands. Einnig var Elfis myndin textuð á kínversku og er hún sýnd í vegabréfsmiðstöðinni í sendiráðinu í Kína. Árið 2017 var þessu verkefni haldið áfram, bæklingurinn endurprentaður o.s.frv.

Í samstarfi við Vegagerðina, SAF, bílaleigur landsins, Sjóvá og Landsbjörg voru stýrisspjöldin endurhönnuð, prentuð og þeim dreift. Stýrisspjaldið er einskona bæklingur sem er hengdur á stýri bílaleigubíla og kemst því leigutakinn ekki hjá því að sjá það því hann þarf að byrja á því að taka það af stýrinu. Á spjaldinu eru upplýsingar fyrir erlenda ferðamenn um séríslenskar aðstæður, s.s. sérstök umferðarmerki sem ekki þekkjast annars staðar og almennar varúðarreglur.



Reynt var að ná til erlendra ferðamanna í Leifsstöð og benda þeim á mikilvægi þess að spenna beltin á þjóðvegum landsins. Settar voru upp áberandi litaðar töscur ofan á töskufæriböndin og voru þær útbúnar með öryggisbeltum sem og skilaboðum um mikilvægi beltanotkunar. Framleiðslan og hönnunin var kostuð af umferðaröryggisáætlun en Isavia stillti upp töskunum án endurgjalds.

Erfitt getur reynst að greina á milli ferðamanna og innflytjenda í slysatölfræði. Samgöngustofa hefur þó ákveðið viðmið sem segir að allir með erlent ríkisfang en skráðir með löglega kennitölu séu búsettir hérlandis en allir aðrir erlendir ríkisborgarar séu ferðamenn. Í töflunni hér að neðan má sjá tölur yfir slasaða erlenda ferðamenn.

Tafla 6. Slasaðir erlendir ferðamenn

| | Látnir | Alvarlega slasaðir | Lítið slasaðir | Samtals |
|-----------------|------------|--------------------|----------------|------------|
| 2013 | 2 | 18 | 109 | 129 |
| 2014 | 0 | 21 | 102 | 123 |
| 2015 | 5 | 26 | 182 | 213 |
| 2016 | 2 | 47 | 174 | 223 |
| 2017 | 5 | 48 | 186 | 239 |
| Meðaltal | 2,8 | 32 | 151 | 185 |

Þegar skoðuð er þróun slysa á erlendum ríkisborgurum er gagnlegt að skoða til samanburðar hver þróunin hefur verið í komu ferðamanna til landsins og einnig þróunina á fjölda erlendra ríkisborgara búsettra á Íslandi.

Tafla 7. Slyss á erlendum ferðamönnum og erlendum ríkisborgurum búsettum hérlandis

| | Slasaðir og látnir erlendir ferðamenn | Fjöldi erlendra ferðamanna (þús) | Slasaðir og látnir á hverja 100.000 ferðamenn | Slasaðir og látnir erlendir ríkisborgarar búsettir hérlandis | Fjöldi erlendra ríkisborgara búsettra hérlandis (1. jan) | Slasaðir og látnir á hverja 1000 erlendra ríkisborgara búsetta hérlandis |
|-----------------|---------------------------------------|----------------------------------|---|--|--|--|
| 2013 | 129 | 807 | 16,0 | 81 | 21.446 | 3,8 |
| 2014 | 123 | 998 | 12,3 | 108 | 22.744 | 4,7 |
| 2015 | 213 | 1.289 | 16,5 | 109 | 24.294 | 4,5 |
| 2016 | 223 | 1.792 | 12,4 | 115 | 26.485 | 4,3 |
| 2017 | 239 | 2.225 | 10,7 | 138 | 30.275 | 4,6 |
| Meðaltal | 185 | 1.422 | 13,0 | 110 | 25.049 | 4,4 |

| | |
|--------|--------------|
| ÁÆTLUN | 12.400.000,- |
| RAUN | 14.595.165,- |

4.7. Önnur verkefni


Skilti í Svínahrauni með fjölda látinna

Skiltið í Svínahrauni var uppfært. Á skiltinu er fjöldi látinna á árinu ásamt skilaboðum og ofan á því eru tvö bílhræ. Bílhræjunum var skipt út fyrir tvö nýrri ásamt því að undirstöður voru styrktar. Skipt var um skiltin sjálf og var að þessu sinni sett tala og skilaboð báðum megin en til margra ára hafði skiltið austan megin verið afmáð. Verkefnið hófst árið 2016 og var greitt að hluta en lauk því árið 2017 og kom því til kostnaðar á því ári. Uppfærsla skiltisins var gerð í samvinnu við þrjú tryggingafélög; VÍS, Vörð og TM.



Þátttaka í ráðstefnu og átaki annarra

Ráðstefnan Hjólum til framtíðar var styrkt og einnig var átakið Göngum í skólann á vegum ÍSÍ styrkt með fjárframlagi.



Höldum Fókus skjáþurrkur fyrir síma



Hafist var handa við að hanna skjáþurrkur fyrir síma merkt Höldum Fókus. Nýttast slíkar þurrkur til að hreinsa símaskjái og hægt er að líma þær á símana og er hugmyndin sú að fólk sem hefur slíkar þurrkur á símanum sínum hafi hugtakið Höldum Fókus fyrir augunum alla daga og verður það vonandi til þess að einhverjir hugsi sig tvisvar um áður en þeir taka upp símann undir stýri. Prentun og dreifing átti sér stað árið 2018 og var því lítil útlagður kostnaður við verkefnið árið 2017.

Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa

Þriðja sunnudag í nóvember ár hvert er alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa. Í tilefni af honum er athöfn haldin við Landsspítalann í Fossvogi þar sem viðbragðsaðilum umferðarslysa er þakkað fyrir sín störf um leið og þeirra er minnst sem látið hafa lífið í umferðinni

| | |
|--------|-------------|
| ÁÆTLUN | 6.900.000,- |
| RAUN | 1.964.730,- |

5. Aðgerðir og verkefni á árinu 2017: Vegakerfi

5.1. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða

Á árinu 2017 var unnið að lagfæringum á 67¹ stöðum skv. samþykktum verkefnalistum. Vegrið voru sett upp eða lengd á 22 stöðum. Sem dæmi má nefna Hringveg um Botnastaðabrekku, en þar var unnið að fjórða áfanga umferðaröryggisaðgerða sem farið var í á grundvelli niðurstaðna umferðaröryggisúttektar sem fram fór haustið 2013, og í þessum áfanga var sett upp rúmlega 2,7 km langt víravegrið (fláavegrið). Einnig var sett upp mikið af vegriðum meðfram Norðfjarðarvegi² um Fagradal, meðfram Vestfjarðavegi norðan Gilsfjarðarbrúar og við varasama staði á Seyðisfjarðarvegi og Grenivíkurvegi. Vegrið voru sett upp á mörgum öðrum stöðum, sjá nánar í viðauka III. Á 15 stöðum var unnið að lagfæringum á öryggissvæði vegar, m.a. með því að lengja ræsi og lagfæra vegfláa. Sem dæmi má nefna umfangsmikið verk á Hringvegi í Mýrdal og einnig á Biskupstungnabraut, Grindavíkurvegi og Hringvegi milli Hvalfjarðarganga og Borgarness. Hraðaviðvörðunarljós voru sett upp á átta stöðum. Unnið var að lagfæringum á sex vegamótum. Sem dæmi má nefna gerð hjáreinar á Hringvegi við Reynishverfisveg og á Hringvegi við Stóra-Fjallsveg í Borgarfirði.



Sex verkefni fólust í aðgerðum til að auka öryggi við mætingar, m.a. með því að fræsa hvinrendur í malbik á Hringvegi móts við Lækjarbotnabrekku og á Reykjanesbraut í grennd við Straumsvík, sem og í nokkrum jarðgöngum.

Unnið var að því að bæta öryggi gangandi vegfarenda á 5 stöðum. Það á m.a. við um Hringveg um Borgarnes og Norðausturveg um Húsavík. Á 5 stöðum voru merkingar bættar, má þar til dæmis nefna uppsetningu blikkljósa á Reykjanesbraut vestan Straumsvíkur til að vekja athygli á tvístefnuakstri og framhald á uppsetningu beygjuörva við krappar beygjur á Djúpvegi um Ísafjarðardjúp.

Á vegum þjónustustöðva Vegagerðarinnar á landsbyggðinni var jafnframt unnið að ýmsum lagfæringum á umhverfi vega og að öðrum öryggisaðgerðum. Unnið var að lagfæringum öryggissvæðis með því að lengja ræsi á mörgum stöðum, m.a. á Hringvegi, Eyrarfjallsvegi, Snæfellsnesvegi, Skógarstrandarvegi og Sauðárkróksbraut. Unnið var að því að hreinsa grjót meðfram Barðastrandarvegi og Djúpvegi. Trjágróður var hreinsaður af vegsvæði meðfram Hringvegi í Borgarfirði og í Mývatnssveit en jafnframt meðfram Akrafjallsvegi, Snæfellsnesvegi, Grímsstaðavegi, Hítardalsvegi og Eyjafjarðarbraut vestri. Trjágróður meðfram vegi hefur áhrif á snjósöfnun auk þess sem sverustu stofnarnir geta valdið hættu við útafakstur. Öryggissvæði meðfram Djúpvegi, Reykhólasveitarvegi og Norðfjarðarvegi var lagfært á ákveðnum stöðum.

Nákvæmt yfirlit yfir þau verkefni sem unnið var að undir þessum lið árið 2017 má sjá í viðauka III.

¹ Unnið var að 25 verkefnum til viðbótar en í þeim tilvikum var ýmist um að ræða lokafrágang vegna verkefna sem þegar hefur verið gerð grein fyrir í fyrri ársskýrslum eða efniskaup vegna verkefna sem talin verða upp í ársskýrslu fyrir 2018, sjá nánar í viðauka III.

² Vegurinn um Fagradal tilheyrir Hringvegi frá 11. nóvember 2017.

Unnið var að fleiri verkefnum í þágu umferðaröryggis sem fjármögnuð voru af öðrum liðum og tengjast því umferðaröryggisáætlun ekki beint. Hér má sérstaklega nefna að frá árinu 2010 hefur verið unnið að uppsetningu vegriða og að ýmsum öðrum verkefnum víða á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum stöðum á suðvesturhorninu og hefur fjármagn til þessara verkefna, sem eru utan umferðaröryggisáætlunar, komið af úthlutun til nýbygginga en almennt eru umferðaröryggisaðgerðir fjármagnaðar með viðhaldsfé.



Helstu verkefni árið 2017 voru lagfæring öryggissvæðis meðfram Grindavíkurvegi í kjölfar umferðaröryggisúttektar, uppsetning kantvegriða víða á höfuðborgarsvæðinu, m.a. meðfram römpum Hafnarfjarðarvegar við Arnarnesveg og á tilteknum stöðum á Reykjanesbraut (Sæbraut) milli Sundagarða og Langholtsvegar. Einnig var byrjað að taka niður ljósastaura af eldri gerð á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur og unnið að því að skipta þeim út fyrir nýja vottaða staura.

| | |
|--------|---------------|
| ÁÆTLUN | 385.000.000,- |
| RAUN | 356.080.541,- |

5.2. Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi

Gerð voru búfjargöng undir Skeiða- og Hrunamannaveg við bæinn Hólakot, einnig voru sett búfjargöng undir Biskupstungnabraut við bæinn Fellskot og undir Laugarvatnsveg við bæina Miðdalskot og Miðhús. Auk þess var keypt efni í búfjarræsi við bæina Austurhlíð og Úthlíð á Laugarvatnsvegi til notkunar árið 2018. Jafnframt var greitt fyrir efni og klæðingu við búfjarræsi á Snæfellsnesvegi milli Ystu-Garða og Grundar en landeigandi sá um framkvæmdina að mestu leyti. Sjá nánar í viðauka IV.



| | |
|--------|--------------|
| ÁÆTLUN | 25.000.000,- |
| RAUN | 39.023.739,- |

5.3. Átak vegna merkinga við einbreiðar brýr

Snemma árs 2016 var ákveðið að hefja átak sem fólst í að bæta merkingar við einbreiðar brýr. Í ljósi mikils fjölda ferðamanna á Hringvegi meðfram suðurströndinni var ákveðið að leiðin milli Reykjavíkur og Hafnar yrði tekin fyrir í fyrsta áfanga. Skiltun var bætt, m.a. voru sett upp viðvörðunarkerki með bættu endurskini í 500 m fjarlægð frá brúnum, en áður hafði eingöngu verið varað við þeim í 250 m fjarlægð á vegum sem ekki náðu tiltekinni umferð. Jafnframt voru yfirborðsmerkingar bættar. Síðast en ekki síst voru sett upp blikkljós við allar einbreiðar brýr á ofanefndri leið. Slík ljós voru þegar til staðar á nokkrum brúm á leiðinni. Í fyrsta áfanga voru merkingar bættar við 17 brýr. Árið 2017 var átakanu haldið áfram og náðist að ljúka því að merkja flestar brýr á Hringvegi sem eftir voru með fjórum undantekningum. Auk þess náðist að ljúka því að bæta merkingar við einbreiðar brýr á Suðurfjarðavegi en í nóvember 2017 varð sá vegur hluti Hringvegar. Auk þess var unnið að undirbúningi bættra merkinga við þær brýr sem eftir voru á Hringvegi og við nokkrar brýr á Vestfjarðavegi í Dölum. Sjá nánar í viðauka V.



| | |
|--------|------------|
| ÁÆTLUN | 30.000.000 |
| RAUN | 14.424.463 |

5.4. Ýmis verkefni

Umferðaröryggisúttekt á vegum

Umferðaröryggisúttekt er einn þáttur umferðaröryggisstjórnunar og felst í því að reglulega fer fram skoðun á vegakerfinu þar sem sjónum er beint að ýmsum öryggisþáttum á eða við veg. Markmiðið með umferðaröryggisúttekt er að finna þá staði þar sem hættu er á að slys geti orðið og gera áætlun um lagfæringar í kjölfarið. Markmið lagfæringanna er að koma í veg fyrir slys eða draga úr afleiðingum slysa sem verða.



Árið 2017 gerði Vegagerðin umferðaröryggisúttekt á Grindavíkurvegi milli Reykjanesbrautar og Grindavíkur, á Djúpvegi milli Strandavegar og Sunndalsár, á Bíldudalsvegi milli Barðastrandarvegar og Ketildalavegar auk þess sem úttekt á Akrafjallsvegi frá árinu 2014 var uppfærð. Jafnframt var unnið að gerð skýrslna um umferðaröryggisúttektir.

Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa liðar árið 2017 var kr. 5.516.388.

Umsjón öryggisaðgerða á vegum

Vinna við umsjón öryggisaðgerða á vegum er greidd af fjárveitingum til umferðaröryggisáætlunar. Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa árið 2017 var kr. 3.668.008.

Skýrsla um meðalhraðaeftirlit

Vegagerðin greiddi verkfræðistofunni Mannviti fyrir vinnu við uppfærslu skýrslunnar Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit – Val á vegköflum og mat á ávinningi, sjá: [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Medalhradaeftirlit_2017/\\$file/Me%C3%B0alhra%C3%B0i-fyrri.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Medalhradaeftirlit_2017/$file/Me%C3%B0alhra%C3%B0i-fyrri.pdf). Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa árið 2017 var kr. 365.643.

Uppfærsla vegabekju Vegagerðarinnar hjá Samgöngustofu.

Vegagerðin fær upplýsingar um umferðarslys frá Samgöngustofu og miklu skiptir að staðsetningar slysa séu sem nákvæmastar. Í ljósi þessa var ákveðið að Vegagerðin myndi greiða fyrir uppfærslu vegabekju í slysaskráningarkerfi Samgöngustofu árið 2017. Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa árið 2017 var kr. 269.126

Prentkostnaður

Vegagerðin greiddi prentun ársskýrslu um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar árið 2016. Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessa árið 2017 var kr. 78.988.


| | |
|--------|--------------|
| ÁÆTLUN | 16.000.000,- |
| RAUN | 9.651.393,- |

6. Aðgerðir og verkefni á árinu 2017: Stefnumótun, rannsóknir og löggjöf


6.1. Könnun á aksturshegðun almennings

Í nóvember 2017 framkvæmdi Maskína könnun á aksturshegðun og viðhorfi til umferðar meðal almennings fyrir Samgöngustofu, Vegagerðina og Ríkislögreglustjóra. Sambærileg könnun hefur verið framkvæmd frá árinu 2005 og gefur könnunin mjög góða mynd af núverandi ástandi ásamt þróun á hegðun og viðhorfi fólks til umferðar. Svarendur voru 984, á aldrinum 18-75 ára, af báðum kynjum, af öllu landinu. Núnda árið í röð var könnunin aðeins framkvæmd á netinu. Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu.

Um 35-40% Íslendinga halda sig innan hámarkshraða og um 10% Íslendinga aka hraðar en 10 km/klst. yfir hámarkshraða. Talsverð breyting varð á milli ára hvað varðar aksturhraða og virðast Íslendingar brjóta reglur um hámarkshraða meira en áður. Meðalhraðinn breytist þó lítið og er 5-6 km/klst yfir hámarkshraða nú eins og hann hefur verið síðustu ár.



Mynd 5. Sagður almennur ökuhraði við hámarkshraða 30, 60 og 90 km/klst. 2017




Mynd 6. Þróun ökuhraða við hámarkshraða 30, 60 og 90 km/klst. 2017


85% ökumanna telja hegðun annarra vegfarenda valda sér truflun eða álagi við akstur. Er þá helst talað um skort á notkun stefnuljósa, farsímanotkun ökumanna og of hægán akstur. Truflun vegna farsímanotkunar ökumanna hefur aukist talsvert síðustu ár og hefur hegðun hjólreiðamanna einnig valdið aukinni truflun undanfarin ár. Hjólreiðamenn og fótgangandi verða einnig fyrir truflun í umferðinni. Þar er mest áberandi að ökumenn stöðva ekki við gangbraut, skortur á notkun stefnuljósa, of hraður akstur og farsímanotkun ökumanna. Þá má nefna að hegðun hjólreiðamanna truflar gangandi vegfarendur minna en hún hefur gert síðustu ár.

Farsímanotkun ökumanna er áberandi í umferðinni. Síðustu ár virðast þó færri tala í símann án handfrjáls búnaðar undir stýri en að sama skapi hefur annars konar farsímanotkun aukist. Þegar kemur að farsímanotkun er mikill munur á því hvað fólk telur hættulegt og hvað fólk gerir. 99,2% aðspurðra telja hættulegt að skrifa skilaboð á meðan á akstri stendur, þar af telja 71% það stórhættulegt. Þrátt fyrir þetta segjast 33% aðspurðra eiga það til að skrifa skilaboð undir stýri. Að sama skapi telja 98% það hættulegt að lesa skilaboð undir stýri á meðan 45% játa þó að eiga það til að gera það.

Hversu oft notarðu snjallsíma við akstur?




Hversu hættulega telurðu snjallsímanotkun við akstur?



Mynd 7. Farsímanotkun undir stýri og mat á hættunni sem henni fylgir


Ökumenn innanbæjar hafa síðustu ár sagst í 75-79% tilfella aldrei aka án öryggisbeltis og hefur þessi tala lítið breyst síðustu ár, e.t.v. hækkað örlítið síðustu ár. Ökumenn utanbæjar segjast árið 2017 hins vegar í 94% tilfella aldrei aka án öryggisbeltis og hækkar þessi tala úr 92% árið 2016. Hlutfall þeirra farþega sem segjast alltaf nota öryggisbelti í framsæti er 85% innanbæjar en 94% utanbæjar. Beltanotkun í aftursæti er heldur minni og segjast farþegar í aftursæti alltaf vera í öryggisbelti í 76% tilfella innanbæjar en 89% utanbæjar.



Mynd 8. Beltanotkun Íslendinga

Um 27% ökumanna á það til (oft, stundum eða sjaldan) að aka eftir að hafa fengið sér einn áfengan drykk. Er það betri niðurstaða en árið 2016 (29%) og talsvert betri en þegar verst var en árið 2012 var þetta hlutfall um þriðjungur.

Hjólreiðar virðast vera að aukast ef marka má þessa könnun. Árið 2017 sögðust 4,6% hjóla daglega yfir sumartímann en árið 2016 sögðust um 3% hjóla daglega yfir sumartímann. Yfir vetrartímann hefur þetta hlutfall aukist úr 1,0% í um 1,4% á milli ára. Að sama skapi sögðust 42% aldrei hjóla yfir sumartímann árið 2017 en það hlutfall hefur verið um 47% síðustu ár. Yfir vetrartímann hefur þetta hlutfall hins vegar aukist á milli ára; farið úr 75% í 76,9% og því virðast færri eiga það til að grípa í reiðhjólíð yfir veturinn árið 2017 heldur en árið áður. Hjálmanotkun á reiðhjólum er svipuð milli ára; um 60% nota alltaf hjálm og um 20% nota aldrei hjálm. Eykst talsvert milli ára og segjast 61% hjólreiðamanna alltaf nota hjálminn m.v. 52% árið 2015. Aðeins voru þeir spurðir sem sögðust einhvern tíma hjóla.



Mynd 9. Hjálmanotkun reiðhjólamanna 2017

Nánar má lesa um niðurstöður könnunarinnar á vef Samgöngustofu, hér:

https://eplica.samgongustofa.is/media/umferd/skyrslur/2017_aksturshegdu-kynning.pdf

| | |
|--------|-------------|
| ÁÆTLUN | 3.400.000,- |
| RAUN | 2.371.600,- |

7. Verkefni án sérstakrar fjárveitingar

7.1. Alþjóðlegt samstarf

Samgöngustofa, Vegagerðin og embætti ríkislögreglustjóra eiga hver um sig í umfangsmiklu samstarfi við sínar systurstofnanir og þá sérstaklega á Norðurlöndum.

Vegagerðin og Samgöngustofa tóku virkan þátt í þeirri nefnd NVF sem fjallar um umferðaröryggi en NVF er norrænn samstarfsvettvangur á sviði vegamála. Árið 2016 var fyrirkomulagi nefndarstarfsins breytt. Nefnd sem áður fjallaði eingöngu um umferðaröryggismál, fjallar nú einnig um mál sem snúa að ökutækjum og flutningum. Í febrúar 2017 sótti einn fulltrúi Vegagerðarinnar fund þar sem starf nefndarinnar á tímabilinu 2016-2020 var skipulagt nánar.

Í september 2017 sóttu tveir fulltrúar Vegagerðarinnar og þrír fulltrúar Samgöngustofu ársfund nefndarinnar sem haldinn var í Kaupmannahöfn. Í tengslum við ársfundinn var haldin ráðstefna um umferðaröryggismál. Erindi sem haldin voru á ráðstefnunni má nálgast á slóðinni:

<http://www.nvfnorden.org/hemsida/utskott/nordisk-trafiksikkerhedsforum-2017/>


Vegagerðin tekur einnig virkan þátt í starfi vinnuhóps um umferðaröryggi sem starfar á vegum CEDR, en CEDR stendur fyrir Samtök vegamálastjóra í Evrópu. Árið 2017 sótti fulltrúi Vegagerðarinnar einn fund í nefndinni en á vettvangi hennar er m.a. fjallað um tilskipun Evrópusambandsins, nr. 2008/96/EB um umferðaröryggisstjórnun vegamannvirkja og jafnframt er fylgst með því sem efst er á baugi í umferðaröryggismálum í löndunum. Í tengslum við fundinn, sem haldinn var í Kaupmannahöfn, var haldin ráðstefna um öryggismál í sambandi við hjólreiðar. Tveir aðrir fulltrúar Vegagerðarinnar sóttu einnig ofangreinda ráðstefnu og hélt annar þeirra, Katrín Halldórsdóttir, erindi um rannsóknir sínar á hjólreiðaslysum á Íslandi.

Árið 2017 átti Samgöngustofa fulltrúa í sérfræðingahóp á vegum Evrópusambandsins sem kennir sig við CARE. CARE er samevrópskur umferðarslysagagnagrunnur og kom hópurinn upphaflega saman til þess að þróa þann gagnagrunn í sameiningu. Formlegri þróun á gagnagrunninum er nú lokið en að sjálfsögðu munu gögn verða send í grunninn áfram. Efst á baugi í þessum hóp núna, fyrir utan árlegar gagnaviðbætur í CARE grunninn, er samræming á skilgreiningum á alvarlega slösuðum. Fengist hefur sú niðurstaða að allir skulu miða við að gildi 3 og hærra á MAIS skalanum (maximum abbreviated injury scale) teljist alvarleg meiðsli.

Samgöngustofa á einnig fulltrúa í NTR sem er samnorrænt ráð sem fjallar um umferðaröryggi, þá aðallega með tilliti til fræðslu og herferða. Á þeim vettvangi eru verkefni og aðferðir bornar saman og reynum við að læra hvert af öðru. Sumar herferðir hafa verið teknar upp í heilu lagi frá einu landi til annars en aðrar hafa verið lagaðar að nýju landi eða einfaldlega nýttar sem innblástur í nýjar herferðir eða fræðsluverkefni.

Látnir á hverja 100.000 íbúa

Meðaltal árunna 2013-2017



Mynd 10: Fjöldi látinna í umferðinni á hverja 100.000 íbúa í Evrópu 2013-2017. Fengið úr CARE gagnagrunninum.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Viðauki I. Sjálfvirkt umferðareftirlit

Stafrænar hraðamyndavélar 2017

Nóvember 2018

Helstu niðurstöður

- Á árinu 2017 skráðu stafrænar hraðamyndavélar samanlagt að meðaltali 118 brot á dag.
- 17 stafrænar hraðamyndavélar voru í notkun á landinu. Vél á Suðurnesjum var ekki í notkun líkt og fyrri ár, og þá var gatnamótavélin á höfuðborgarsvæðinu einnig óvirk.
- Vélarnar skráðu 42.969 hraðakstursbrot árið 2017, en það er 6% fækkun frá því árið 2016, þegar fjöldi brota á stafrænar myndavélar náði hámarki.
- Þegar borinn er saman fjöldi hraðakstursbrota eftir mánuðum má sjá að brotin voru færri en árið á undan í níu mánuðum af tólf, en voru þó 56% fleiri í marsmánuði og 48% fleiri í októbermánuði.
- Flest brotin voru skráð á vélina á höfuðborgarsvæðinu eða 16.779 og næstflest voru tekin á vélunum í Hvalfjarðargöngum, 9.586 brot.
- Fjöldi brota á dag var misjafn og ræðst það einnig af virkni véla og umferðarpunga. Brot voru 46 á dag á vélinni á höfuðborgarsvæðinu en u.þ.b. eitt brot á hverjum þremur dögum að meðaltali í Bolungarvíkurgöngum þar sem fæst brot voru skráð.
- Mest fækkun milli ára var í Bolungarvíkurgöngum og mest fjölgun milli ára var í Hvalfjarðargöngum.
- Brotin voru tíðust í lok sumars og á haustmánuðum (ágúst-okt.) og voru yfir 37% brotanna yfir það tímabil.
- Sá ökumaður sem ók hraðast samkvæmt skráningu hraðamyndavéla var á 167 km/klst. við Fiskilæk.
- Rannsókn var hætt í um 32% brota árið 2017 sem er lægra hlutfall en árið á undan þegar hlutfallið var 38%. Í öðrum tilfellum fóru mál í ákærumeðferð eða var lokið með sektum.³

³Miðast niðurstöður við stöðuna þegar skýrslan er unnin, hlutfallið getur breyst lítillega þegar rannsóknnum fleiri mála lýkur.

Tilmæli og aðdragandi

Í samstarfssamningi um sjálfvirkt hraðaeftirlit sem ríkislögreglustjóri, Vegagerðin og Umferðarstofa gerðu með sér þann 1. febrúar 2007 var kveðið á um skyldu ríkislögreglustjóra til að taka saman upplýsingar um hvernig eftirlitinu skyldi háttað og umfang þess.

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, ríkislögreglustjóri, Samgöngustofa og Vegagerðin vinna að uppsetningu hraðamyndavélanna. Myndatakan er stafræn og eru upplýsingar um hraðabrot sendar samstundis til lögreglunnar. Hér verður fjallað um stafrænar hraðamyndavélar sem falla undir þetta samstarf.

Tölfræðiupplýsingar um fjölda brota á árinu 2017 voru teknar úr málaskrá lögreglunnar 15. nóvember 2018 af verkefnastjóra í afbrotatölfræði hjá ríkislögreglustjóra. Miðað er við brot sem áttu sér stað á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

Í viðauka er fjallað um hvernig hraði ökutækjanna er mældur en allar tölur í skýrslunni miðast við mældan hraða en þá á eftir að reikna vikmörk.

Hraðamyndavélar – staðsetning og notkun

Á árinu 2017 voru 17 stafrænar hraðamyndavélar í notkun. Fyrstu vélarnar voru teknar í notkun í júlí 2007 og höfðu því verið virkar í 11 ár. Hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandi, á Vestfjörðum, Norðurlandi-eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Brotin eru skráð hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra, fyrir utan vélina sem staðsett eru á höfuðborgarsvæðinu, og eru þau brot skráð hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Vélarnar eru staðsettar víða um land en þó eru flestar á suðvesturhorninu. Tvær eru í Hvalfjarðargöngum, tvær í Fáskrúðsfjarðargöngum, tvær á Suðurlandi, þrjár í Hvalfjarðarsveit, þrjár í Héðinsfjarðargöngum, tvær í Bolungarvíkurgöngum og tvær á Kjalarnesi. Þá er ein vél, staðsett í bíl, til notkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Vél á Suðurnesjum var ekki í notkun, og þá var gatnamótavélin á höfuðborgarsvæðinu einnig óvirk árið 2017.


Fjöldi og dreifing brota yfir árið

Skráð voru 42.969 brot á árinu 2017. Þetta eru 6% færri brot en árið 2016, þegar fjöldi þessara brota náði hámarki. Að meðaltali voru 118 brot á dag árið 2017 (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fjöldi brota sem skráð voru á stafrænar hraðamyndavélar, árin 2007 til 2017.

| Ár | Fjöldi brota | Fjöldi brota á dag | Fjöldi hraðamyndavéla |
|------|--------------|--------------------|-----------------------|
| 2007 | 6.872 | 19 | 2 |
| 2008 | 16.385 | 44 | 9 |
| 2009 | 23.134 | 63 | 10 |
| 2010 | 22.322 | 61 | 10 |
| 2011 | 13.238 | 36 | 15 |
| 2012 | 18.887 | 52 | 15 |
| 2013 | 13.028 | 36 | 15 |
| 2014 | 28.298 | 78 | 18 |
| 2015 | 33.812 | 93 | 18 |
| 2016 | 45.894 | 126 | 18 |
| 2017 | 42.969 | 118 | 17 |


Á mynd 1 sést dreifing brotanna á árunum 2015 til 2017 eftir mánuðum. Árið 2015 voru flest brotin yfir sumarmánuðina (júní til ágúst), árið 2016 voru flest í júlí til sept., og árið 2017 ágúst til og með október. Fæst brot voru skráð í febrúar eins og árið 2016. Þegar litið er til fjölgunar/fækkunar niður á mánuði má sjá að í flestum mánuðum var 6-25% fækkun. Hins vegar var 56% fjölgun í marsmánuði 2017 miðað við 2016, og 48% aukning í októbermánuð. Þá var 6% fjölgun í septembermánuði.



Mynd 1. Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar 2015-2017, greint eftir mánuðum.

Á mynd 2 sést fjöldi skráðra hraðakstursbrota, greint eftir vettvangi. Fjöldi brota er misjafn og ræðst það að mestu leyti af virkni véla og umferðarþunga. Flest brotin voru skráð á vélina á höfuðborgarsvæðinu, eða 16.779. Næstflest brot voru tekin á vélunum í Hvalfjarðargöngum eða 9.586 og var mest aukning milli ára þar.


Hlutfallslega var fækkun milli ára á öllum stöðum nema í Hvalfjarðargöngum og á vélinni á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota á stafrænar hraðamyndavélar árin 2015-2017, greint eftir vettvangi.

Mældur hraði eftir vettvangi og skráðum hámarkshraða.

Ein stafræn hraðamyndavél var í notkun á höfuðborgarsvæðinu árið 2017, og var hún ólík öðrum stafrænum hraðamyndavélum sem í notkun eru á landinu á þann hátt að hún er í bíl og því færanleg, og hægt að leggja bílnum á ólíkum stöðum í borginni til að mæla hraða. Árið 2016 voru vélarnar tvær, þ.e. þá var í notkun vél sem færast á milli gatnamóta á höfuðborgarsvæðinu. Hún var ekki í notkun árið 2017, en mun verða í notkun árið 2018. Fjöldi hraðakstursbrota árið 2017 úr vélunum var alls 16.779 brot. Á mynd 3 má sjá fjölda brota eftir því hver hámarkshraði á vettvangi brotanna var.



Mynd 3. Fjöldi hraðakstursbrota á hraðamyndavélar höfuðborgarsvæðisins eftir hámarkshraða á vettvangi brots, árið 2017.

Myndavélar á höfuðborgarsvæðinu mældu flest hraðakstursbrot á svæðum þar sem hámarkshraði var 80 km/klst, eða 4.071 brot. Þar af voru flest brot á Vesturlandsvegi, og næstflest á Hafnarfjarðarvegi og svo mjög svipaður fjöldi á Kringlumýrarbraut. Þar á eftir þar sem hámarkshraði er 60 km/klst, eða 1.161 og voru flest brot á Hringbraut.

Fjöldi hraðabrota eftir vettvangi og hámarkshraða.

Þar sem hámarkshraðinn var 70 km/klst óku flestir brotlegir á milli 81-90 km/klst eða 52% allra, og átti það einnig við í öllum fjórum göngunum og vélinni á höfuðborgarsvæðinu. Flestir þeirra sem óku á yfir 111 km/klst. voru teknir í Fáskrúðsfjarðargöngum eða 42 aðilar. Sjá töflu 1. Árið 2017 mældust um 2% á 111 km/klst eða meira í Fáskrúðsfjarðargöngum sem var hærra hlutfall en á hinum stöðunum þar sem hámarkshraði var 70 km/klst.

Tafla 1. Hlutfall hraðabrota eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði er 70 km/klst.

| | 79 - 80 km/klst | 81 - 90 km/klst | 91 - 100 km/klst | 101 - 110 km/klst | 111 km/klst og hærra | Alls |
|---------------------|--------------------|--------------------|---------------------|----------------------|-------------------------|------|
| Fáskrúðsfjarðargöng | 24% | 55% | 15% | 4% | 2% | 100% |
| Bolungarvíkurgöng | 47% | 45% | 5% | 3% | 0% | 100% |
| Héðinsfjarðargöng | 27% | 58% | 11% | 2% | 1% | 100% |
| Hvalfjarðargöng | 47% | 49% | 3% | 0% | 0% | 100% |
| Höfuðborgarsvæðið | 35% | 60% | 5% | 0% | 0% | 100% |

Þar sem hámarkshraðinn var 90 km/klst óku flestir brotlegir á milli 101-110 km/klst eða 61% allra. Þegar litið er til hópsins sem keyrði yfir 121 km/klst voru flestir teknir á Suðurlandsvegi (í Ölfusi), eða 321 aðili (5% allra brota á Suðurlandsvegi Ölfusi). Sjá töflu 2.

Tafla 2. Hlutfall hraðabrota eftir mældum hraða þar sem hámarkshraði er 90 km/klst.

| | 96 - 100 km/klst | 101 - 110 km/klst | 111 - 120 km/klst | 121 - 130 km/klst | 131 km/klst og hærra | Alls |
|---------------------------|---------------------|----------------------|----------------------|----------------------|-------------------------|------|
| Suðurlandsvegur (Ölfusi) | 15% | 62% | 19% | 4% | 1% | 100% |
| Höfuðborgarsvæðið | 25% | 59% | 13% | 3% | 1% | 100% |
| Kjalarnes | 23% | 59% | 15% | 3% | 0% | 100% |
| Fiskilækur | 1% | 64% | 30% | 4% | 1% | 100% |
| Hagamelur (Vesturl.vegur) | 29% | 60% | 10% | 1% | 0% | 100% |
| Samtals | 15% | 61% | 19% | 4% | 1% | 100% |


Mestur hraði eftir vettvangi

Í töflu 3 má sjá hæsta mældu hraðann þar sem hámarkshraði var 70 km/klst og 90 km/klst. Hæstur hraði mældist á Fiskilæk eða 167 km/klst (en í fyrra var hæstur hraði á Suðurlandsvegi í Ölfusi, eða 175 km/klst.) Þar á eftir á færanlegu vélinni á höfuðborgarsvæðinu, eða 158 km/klst. Þar sem hámarkshraði var 70 km/klst. mældist hæstur hraði í Héðinsfjarðargöngum, eða 157 km/klst.

Tafla 3. Hæsti mældi hraðinn þar sem hámarkshraði var annars vegar 70 km/klst og 90 km/klst hins vegar, eftir vettvangi, árið 2017.


| | Hámarkshraði 70 | | Hámarkshraði 90 | |
|---------------------|-----------------|---------------------------|-----------------|--|
| Bolungarvíkurgöng | 103 | Suðurlandsvegur (Ölf) | 156 | |
| Héðinsfjarðargöng | 157 | Kjalarnes | 150 | |
| Fáskrúðsfjarðargöng | 151 | Fiskilækur | 167 | |
| Höfuðborgarsvæðið | 96 | Höfuðborgarsvæðið | 158 | |
| Hvalfjarðargöng | 137 | Hagamelur (Vesturl.vegur) | 125 | |

Þegar brot aðila sem teknir voru á 121 km/klst eða meira eru skoðuð, má sjá að stærstur hluti þeirra á sér stað í ágúst, september og október en árið 2016 voru brotin hlutfallslega flest í júlí, ágúst og september.



Mynd 4. Dreifing brota þar sem hraði er 121 km/klst eða meira yfir árin 2016 og 2017.

Þegar brot aðila sem teknir voru á 121 km/klst eða meira eru skoðuð eftir tíma dags, má sjá að þau dreifast nokkuð jafnt yfir sólarhringinn, en fæst brotin eiga sér stað að nóttu til. Sjá mynd 5.



Mynd 5. Dreifing brota þar sem hraði er 121 km/klst eða meira eftir tíma dags árið 2017.

Ferill brota

Þegar ferill þeirra brota, þar sem rannsókn var lokið við vinnslu þessarar skýrslu, er skoðaður má sjá að árið 2015 var rannsókn hætt í 27% tilvika, en í 38% tilvika árið 2016. Hlutfallið var 32% árið 2017.⁴ Í öðrum tilfellum fóru mál í ákærumeðferð eða var lokið með sektum.

Viðauki: Skýringar á hraðamælingum

Ef mældur hraði er 100 km/klst. eða minni eru 3 km/klst. dregnir frá hraðanum og sektarfjárhæð miðuð við þá tölu sem eftir stendur. Þegar mældur hraði er 101 km/klst. eða meiri eru 3% af mældum hraða reiknuð út og ef niðurstaðan er ekki slétt tala er hún hækkuð upp í næstu heilu tölu fyrir ofan og sú tala dregin frá mældum hraða og sektin miðuð við það.

Dæmi: Ökutæki mælist á 106 km/klst. Reiknuð eru 3% af mældum hraða og niðurstaðan er 3,18. Þessi tala er þá hækkuð upp í næstu heilu tölu, sem er 4, og hún dregin frá mældum hraða og niðurstaðan, 102 km/klst., er hraðinn sem sektarfjárhæðin miðast við.

⁴Miðast niðurstöður við stöðuna þegar skýrslan er unnin, hlutfallið getur breyst lítillega þegar rannsóknum fleiri mála lýkur.

Viðauki II. Lykilstærðir úr slysaskrá Samgöngustofu

2017



Tafla 1. Látnir og alvarlega slasaðir 1991-2017

| Ár | Látnir | Alvarlega slasaðir | Látnir og alvarlega slasaðir |
|------|--------|--------------------|------------------------------|
| 1991 | 27 | 230 | 257 |
| 1992 | 21 | 228 | 249 |
| 1993 | 17 | 246 | 263 |
| 1994 | 12 | 242 | 254 |
| 1995 | 24 | 239 | 263 |
| 1996 | 10 | 229 | 239 |
| 1997 | 15 | 203 | 218 |
| 1998 | 27 | 229 | 256 |
| 1999 | 21 | 222 | 243 |
| 2000 | 32 | 169 | 201 |
| 2001 | 24 | 158 | 182 |
| 2002 | 29 | 164 | 193 |
| 2003 | 23 | 145 | 168 |
| 2004 | 23 | 115 | 138 |
| 2005 | 19 | 129 | 148 |
| 2006 | 31 | 153 | 184 |
| 2007 | 15 | 195 | 210 |
| 2008 | 12 | 200 | 212 |
| 2009 | 17 | 170 | 187 |
| 2010 | 8 | 204 | 212 |
| 2011 | 12 | 154 | 166 |
| 2012 | 9 | 136 | 145 |
| 2013 | 15 | 177 | 192 |
| 2014 | 4 | 177 | 181 |
| 2015 | 16 | 178 | 194 |
| 2016 | 18 | 215 | 233 |
| 2017 | 16 | 189 | 205 |

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni

| 2017 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|------|----------------|----------|
| Karl | 9 | 56,25% |
| Kona | 7 | 43,75% |

Tafla 3. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri

| 2017 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|-----------------|----------------|----------|
| 0-16 ára | 2 | 12,5% |
| 17-26 ára | 4 | 25,0% |
| 27-36 ára | 4 | 25,0% |
| 37-46 ára | 2 | 12,5% |
| 47-56 ára | 1 | 6,25% |
| 57-66 ára | 0 | 0,0% |
| 67 ára og eldri | 3 | 18,75% |

Tafla 4. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi

| 2017 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|------------------|-----------------------|-----------------|
| janúar-mars | 3 | 18,75% |
| apríl-júní | 5 | 31,25% |
| júlí-september | 1 | 6,25% |
| október-desember | 7 | 43,75% |

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/péttbýli

| 2017 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|-------------|-----------------------|-----------------|
| Dreifbýli | 9 | 56,25% |
| Péttbýli | 7 | 43,75% |

Tafla 6. Vegfarendahópar látinna

| 2017 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|-----------------------------|-----------------------|-----------------|
| Ökumenn fólksbifreiða | 6 | 37,5% |
| Farþegar fólksbifreiða | 4 | 25,0% |
| Farþegar hópibifreiða | 2 | 12,5% |
| Á reiðhjólum | 2 | 12,5% |
| Á bifhjólum / torfæruhjólum | 2 | 12,5% |

Tafla 7. Tegund banaslysa

| 2017 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|---------------------------|-----------------------|-----------------|
| Framanákeyrsla | 3 | 18,75% |
| Hliðarákeyrsla | 2 | 12,5% |
| Útafakstur og bílveltur | 2 | 12,5% |
| Aftanákeyrsla | 2 | 12,5% |
| Ekið á óvarinn vegfaranda | 2 | 12,5% |
| Ekið á vegrið | 1 | 6,25% |
| Annað | 4 | 25,0% |

Tafla 8. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum

| 2017 | Fjöldi látinna | Hlutfall |
|-------------------|-----------------------|-----------------|
| Höfuðborgarsvæðið | 4 | 25,0% |
| Suðurnes | 3 | 18,75% |
| Norðurland | 5 | 31,25% |
| Austurland | 1 | 6,25% |
| Suðurland | 3 | 18,75% |

Viðauki III. Eyðing svartbletta, lagfæringar á umhverfi vega og uppsetning vegriða

Uppgjör fyrir árið 2017



Samtals

| Verkefni eftir landshlutum | Kostnaður í lok árs 2017 (þús. kr.) |
|-----------------------------------|--|
| Suðursvæði | 97.717 |
| Vestursvæði | 100.675 |
| Norðursvæði | 89.599 |
| Austursvæði | 68.090 |
| Samtals | 356.081 |

Suðursvæði

| Vegkafli | Staður | Áætlun 2017 | Aðgerðir 2017 | Kostnaður í lok árs 2017 (þús.) |
|----------|--|---|--|---------------------------------|
| 1-a4 | Hringvegur við Rauðá | Setja vegrið beggja megin við óvarið ræsi. | Vegrið sett upp skv. áætlun. | 1.854 |
| 1-a6 | Hringvegur við Ármannskvísl | Lengja vegrið. | Verk unnið skv. áætlun. | 516 |
| 1-a8 | Hringvegur við Keldnatákvísl | Lengja ræsi | Verk unnið skv. áætlun. | 2.996 |
| 1-b4 | Hringvegur í Mýrdal | Lengja nokkur ræsi. | Vegrið lengt skv. áætlun. | 4.852 |
| 1-b4 | Hringvegur við Reynishverfisveg | Gerð hjáreinar við vegamótin. | Hjárein gerð en klæðingu er ekki lokið. | 947 |
| 1-b5 | Hringvegur við Steig | Lengja ræsi | Vegrið lengt skv. áætlun. | 1.179 |
| 1-b5 | Hringvegur við bílaplan við flugvélarflak á Sólheimasandi | Ganga frá tengingu að plani sunnan vegar. | Verk unnið skv. áætlun. | |
| 1-b6 | Hringvegur við Skógaveg (2420-01) | Ljúka klæðingu hjáreinar sem búin var til 2016. | Verk unnið skv. áætlun. | 1.168 |
| 1-c2 | Hringvegur við afleggjara að Hótel Rangá | Gerð hjáreinar. | Lokið var við undirbyggingu hjáreinar en klætt verður árið 2018. | 2.426 |
| 1-c8 | Hringvegur við afleggjara að Heiðarvegi (284) | Gerð hjáreinar. | Lokið var við undirbyggingu hjáreinar en klætt verður árið 2018. | 1.747 |
| 1-e1 | Hringvegur móts við Lögbergsbrekku | Fræsa hvinrendur í malbik. | Verk unnið skv. áætlun. | 1.509 |
| 1-f5 | Hringvegur við Norðurgrafarveg | Hraðahindrandi aðgerðir. | Tvö hraðaviðvörðunarskilti sett upp beggja vegna vegamótanna. | 13.477 |
| 1-f5 | Hringvegur við Hvamm | Aðgerðir við óvarið ræsi. | Vegrið var sett öðrum megin en ræsi lengt hinum megin. | |
| 1-f5 | Hringvegur í grennd við Móa. | Aðgerðir við óvarið ræsi. | Vegrið var sett öðrum megin en ræsi lengt hinum megin. | |
| 35-01 | Biskupstungnabraut frá Hringvegi að Sogsbrú | Lagfæring á umhverfi vegar. | Nokkur ræsi, af ýmsum stærðum, voru lengd og einnig fyllt í stuttan skurð og fyllt í kverkar á tengingum ofan Sogsbrúar. Verk unnið í samræmi við umferðaröryggisúttekt. | 5.916 |
| 35-02 | Biskupstungnabraut við eystrí tengingu að Öndverðarnesi, við Vaðnesveg (3745-01) og Miðengisveg (3747-01). | Uppgjör klæðingar. Verkefni unnin 2016. | Kostnaður greiddur skv. áætlun. | 11.260 |
| 35-02 | Biskupstungnabraut við Þingvallaveg (36-01) | Lagfæra hjárein við Þingvallaveg. | Hjárein lagfærð upp í lágmarkslengd, 135 m. | |
| 35-02 | Biskupstungnabraut (Þingvallavegur - Búrfellsvegur). | Lagfæring á umhverfi vegar, skv. umferðaröryggisúttekt. | Efni ekið utan í brattan fláa hinum megin við Öndverðarnesvegamótin og á einum stað utan á hliðarvasann sem er við Kerið. | |
| 35-04 | Biskupstungnabraut (Laugarvatnsvegur - Skálholtsvegur). | Lagfæringar á umhverfi vega, skv. úttektarskýrslu. | Lengd voru nokkur ræsi af ýmsum stærðum, einnig var fyllt í litla mýrarpolla nálægt veginum. | 3.826 |

| | | | | |
|---------------|--|---|---|--------|
| 35-05 | Biskupstunganbraut sunnan heimreiðar að Torfastöðum | Eftirstöðvar framkvæmdar frá fyrra ári. | Kostnaður greiddur skv. áætlun. | 59 |
| 36-11 | Þingvallavegur á Mosfellsheiði (sýslumörk-Skeggjastaðir) | Lagæringar á umhverfi vega, skv. úttektarskýrslu, þriðji áfangi. | Unnið var við að lengja ræsi. | 3.587 |
| 37-02 | Laugarvatnsvegur um Laugarvatn | Hraðahindrandi aðgerðir. | Tvær hraðahindranir voru gerðar með umferðareyju og upphleyptum gangstéttum. | 2.390 |
| 41-15 / 41-16 | Reykjanesbraut, 1+1 kafli milli Krýsuvíkurvegamáta og þess staðar þar sem tvöföldun hefst vestan Straumsvíkur. | Fræsa hvinrendur í malbik og bæta merkingar, m.a. með því að setja upp blikkljós. | Verk unnið skv. áætlun. | 2.031 |
| 43-01 | Grindavíkurvegur | Lagfæringar á umhverfi vegar og bættar merkingar. | Úrbætur voru gerðar innan öryggissvæðis vegarins, aðallega með því að aka efni í axlir og fláa. Einnig voru bættar merkingar við vegamótin að Bláa lóninu. | 18.360 |
| 215-01 | Reynishverfisvegur | Hraðahindrandi aðgerðir við bæjabyrpinguna Lækjarbakki/Reynir. | Keypt tvö hraðaviðvörðunarljós (skilti). Uppsetning árið 2018. | 2.312 |
| 264-02 | Rangárvallavegur við Hróarslæk | Setja vegrið beggja vegna við óvarið ræsi við Hróarslæk. | Verk unnið skv. áætlun. | 1.854 |
| 275-01 | Ásvegur við Skammalæk | Setja vegrið við óvarið ræsi. | Sett var vegrið við óvarið ræsi við Skammalæk | 1.783 |
| | Þjónustustöð Vík | Ýmsar aðgerðir. | Fjárveiting nýtt til gerðar hjáreinar á Hringveg mótis við Reynishverfisveg, sjá framar. | |
| | Þjónustustöð Selfossi | Ýmsar aðgerðir. | Fjárveiting var notuð í hraðahindrandi aðgerðir á Laugarvatnsvegi um Laugarvatn, sjá framar. | |
| | Þjónustustöð Hafnarfirði | Ýmsar aðgerðir. | Fjárveiting m.a. nýtt til að lengja stutt en stórt ræsi við Morastaði á Eyrarfjallsvegi (460) og er gerð grein fyrir þeim kostnaði hér en stærstur hluti fjárveitingarinnar fór í öryggisaðgerðir á kafla 1-f5, sjá framar. | 378 |
| | Hönnun öryggisaðgerða á Suðursvæði 2017 | | | 4.724 |
| | Stjórnun, umsjón og eftirlit öryggisaðgerða á Suðursvæði 2017 | | | 6.565 |

Samtals áfallinn kostnaður á Suðursvæði 2017:

97.717

Vestursvæði

| Vegkafi | Staður | Áætlun 2017 | Aðgerðir 2017 | Kostnaður í lok árs 2017 (þús.) |
|-----------------|---|---|---|---------------------------------|
| 1-g1 | Hringvegur austan Akrafjalls | Lagfæring á umhverfi vegar í kjölfar umferðaröryggisúttektar, 1. áfangi. | Verk unnið skv. áætlun | 3.506 |
| 1-g4 | Hringvegur um Hafnarskóg | Lagfæring fláa. | Verk unnið skv. áætlun. | 5.323 |
| 1-g4 | Hringvegur við vegamót að frístundabyggð í Hafnarskógi | Ljúka klæðingu hjáreinar sem búin var til 2016. | Verk unnið skv. áætlun. Kostnaður kr. 440 þús. var greiddur af öðrum lið. | 0 |
| 1-g6 | Hringvegur um Borgarnes | Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að setja gangbrautarljós en ákveðið að hverfa frá því og nýta fjárveitinguna til að bæta öryggi gangandi á annan hátt. | Unnið að gerð göngustígs og þverunar við Húsasmíðju og einnig að gerð umferðareyja við Hrafnaklett. | 10.033 |
| 1-g8 | Hringvegur við Atlantsolíu | Kaup og uppsetning hraðaviðvörðunarskiltis. | Skilti var keypt en eftir að tengja það. | 1.834 |
| 1-g9 | Hringvegur við Eskiholtslæk | Lengja ræsi og laga fláa. Þarna eru tvö stór ræsi, fjórir 6 m hólkar. | Verk unnið skv. áætlun en kostnaður var greiddur af öðrum lið. | 0 |
| 1-g9 | Hringvegur við vegamót við Stóra-Fjallsveg (5350-01) | Búa til hjárein | Verk unnið skv. áætlun en klætt verður 2018. | 3.085 |
| 1-h1/1-h2_60-01 | Vegamót Hringvegur og Vestfjarðavegur við Dalsmynni | Útfærslu vegamótanna var breytt 2016 en klæðingu var ekki lokið. | Lokið við klæðingu. | 846 |
| 1-h2_2030 | Hringvegur í Norðurárdal (í gr. við Arnarbæli) | Setja upp vegrið ármegin. | Verk unnið skv. áætlun. | 2.416 |
| 1-h2 | Hringvegur í Norðurárdal, uppsetning vegriðs. Viðbót. | Bættist við. | Vegriðsefni keypt til að lengja vegrið sem sett var upp 2017, sjá hér að ofan, þ.e. milli stöðva 2330 og 2460. Einnig keypt efni í vegrið til að setja upp á milli stöðva 6260 og 6460. | 1.744 |
| 1-h4 | Hringvegur um Biskupsbeygju | Lagfæringar á umhverfi vegar. Annar áfangi. | Verk unnið skv. áætlun. | 1.520 |
| 51-02 | Akrafjallsvegur við Kjalardal (frá stöð 7600-8500) | Auka hálkuvarnir þannig að hálkvarið verði í háliku og flugháliku. | Verður greitt af þjónustu. | 0 |
| 54/56 | Vegamót Vatnaleiðar og Snæfellsnesvegur | Yfirfara merkingar þannig að þær verði sambærilegar að norðan- og sunnanverðu. Buldurspélir og bætt merking T-vegamóta. | Verki lokið. | 1.027 |
| 54-12 | Snæfellsnesvegur við Kirkjufellsá | Lenging vegriðs | Verk undirbúið með því að breikka vegöxl og vegriðsefni keypt. | 11.127 |
| 54-12 | Snæfellsnesvegur milli Kirkjufellsár og Grundarfjarðar | Vatn við veg og óvarinn varnargarður. Uppsetning vegriðs. | | |
| 54-12 | Snæfellsnesvegur við tvö óvarin ræsi vestan Grundarfjarðar í stöð 7800 og 7990. | Uppsetning vegriðs. | | |
| 54-13 | Snæfellsnesvegur um Grundarfjörð | Setja upp hraðaviðvörðunarljós við innkomu í bæinn beggja vegna. | Skilti sett upp skv. áætlun en prófað að setja þau beint á ljósastaura og tengja rafgeymi við. | 1.972 |
| 54-14 | Snæfellsnesvegur við Hamrahlíð (u.þ.b. í stöð 2000-3000) | Verk bættist við. | Vegöxl breikkuð fyrir vegrið. | 1.984 |

| | | | | |
|-------------|--|--|---|---------------|
| 60-06 | Vestfjarðavegur um Búðardal | Setja upp bæjarskilti/bæjarhlíð með eyju og bæta lýsingu (kom inn síðar). | Í ljós kom að þarna var mýrarfen sem þurfti að fylla með grjóti þegar farið var af stað. Einnig var skipt um ræsi. Sjð ljósastaurum bætt við. Verki er ekki lokið. Eftir er að ljúka við klæðingu framhjáhlaups, setja niður bæjarskilti og steypa umferðareyjar. Verkinu verður fram haldið árið 2018. | 12.157 |
| 60-21 | Vestfjarðavegur norðan við brú yfir Gilsfjörð í grennd við Króksfjarðarnes | Uppsetning vegriðs við utanverða beygju norðan við Gilsfjarðarbrú. Skv. umferðaröryggisúttekt vantar 700 m langt vegrið. | Búið að bæta efni utan á fláa og setja vegrið. | 6.087 |
| 60-43 | Vestfjarðavegur um Gemlufallsá | Verk bættist við. Þarna þarf að setja vegrið við óvarið ræsi. | Vegriðsefni var keypt en vegriðið verður sett upp 2018. | 1.096 |
| 61-21 | Djúpvvegur um Fellabök norðan Hólmavíkur | Uppsetning vegriðs. | Verkefnið er hafið, búið að setja upp víravegrið en ljóst er að setja þarf upp vegrið á lengri kafla. | 3.586 |
| 61-29 | Djúpvvegur um Ísafjarðardjúp | Halda áfram að setja stefnuörvar við beygjur. | Áfanga lokið. | 1.279 |
| 61-32 | Djúpvvegur við Kleifaós í Skötufirði | Verkefni bættist við. Þarna þarf að lengja vegrið við brú. | Vegriðsefni hefur verið keypt en verkið verður framkvæmt 2018. | 1.051 |
| 61-32/61-33 | Djúpvvegur við Hvítanes við utanverðan Skötufjörð | Verkefni bættist við. Þarna þarf að setja vegrið við útsýnissvæði. | Vegriðsefni hefur verið keypt en verkið verður framkvæmt 2018. | 2.085 |
| 61-40 | Djúpvvegur við innkomu í Ísafjörð að sunnanverðu | Setja upp hraðaviðvörunarljós. | Verk unnið skv. áætlun. | 2.448 |
| 61-46 | Djúpvvegur við innkomu í Bolungarvík að sunnanverðu | Setja upp hraðaviðvörunarljós. | Verk unnið skv. áætlun. | 2.523 |
| 62-05 | Barðastrandarvegur við brú sunnarlega á Raknadalshlíð | Legngja vegrið frá brúnni út á við. Vindhviður koma niður dalinn þvert á veginn. | Verk unnið skv. áætlun. | 3.086 |
| 62-07 | Barðastrandarvegur við Patreksfjörð | Verkefni bættist við. Þarna þarf að setja hraðaviðvörunarljós. | Búið að kaupa ljósið og undirstöður en uppsetning fer fram 2018. | 1.169 |
| 65-04 | Súgandafjarðarvegur við Spilli | Verkefni bættist við. Þarna þarf að laga grjótvörn og breikka veg. | Verk unnið skv. áætlun en hluti kostnaðar verður greiddur 2018. | 2.026 |
| 574-07 | Útnesvegur vestan Ólafsvíkurennis | Verkefni bættist við. Þarna þarf að laga fláa frá stöð 2870-2940 og frá stöð 3000-3150 ásamt því að lengja ræsi. | Verk unnið skv. áætlun. | 1.754 |
| 574-10 | Útnesvegur við ræsi vestan Fróðár | Laga fláa við ræsi sem er búið að laga. | Verk unnið skv. áætlun. | 292 |
| 451 | Þjónustustöð Borgarnesi, lagfæringar á umhverfi vega og fleira. | Ýmsar aðgerðir. | Þverslá sett á móti afrein á Hringvegi 1-g2 við Hvalfjarðarveg, 47-12. Skering á Snæfellsnesvegi vikkuð í beygju á milli Brúarhrauns og Ásbrúnar. Trjásögun meðfram Hringvegi, Akrafjallsvegi, Snæfellsnesvegi, Grímsstaðavegi og Hitardalsvegi. | 1.773 |

| | | | | |
|---|---|-----------------|--|----------------|
| 452 | Þjónustustöð Ólafsvík, lagfæringar á umhverfi vega og fleira. | Ýmsar aðgerðir. | Snæfellsnesvegur 54-12 frá stöð 3500-7650. Ræsi lengt að ofan- og neðanverðu, efni keyrt í fláa, samtals 2000m ³ . Einnig unnið við verkefni á 54-14 og 574-07, sjá ofar. | 2.053 |
| 453 | Þjónustustöð Búðardal, lagfæringar á umhverfi vega og fleira | Ýmsar aðgerðir. | Lengd ræsi í Reykhólasveit og lagaðir vegfláar á hluta Reykhólasveitarveggar. Lengt ræsi á Skógarstrandarvegi, 54. Kostnaður greiddur af öðrum lið. | 0 |
| 461 | Þjónustustöð Patreksfirði, lagfæringar á umhverfi vega og fleira. | Ýmsar aðgerðir. | Staksteinar hreinsaðir meðfram vegi í Raknadalshlíð. | 939 |
| 462 | Þjónustustöð Ísafirði, lagfæringar á umhverfi vega og fleira. | Ýmsar aðgerðir. | Stakir steinar hreinsaðir úr vegrás í Djúpinu. | 1.183 |
| 463 | Þjónustustöð Hólmavík, lagfæringar á umhverfi vega og fleira. | Ýmsar aðgerðir. | Lagaðir fláar á Djúpvegi við Fellabök. Kostnaður greiddur af öðrum lið. | 0 |
| | Hönnun öryggisaðgerða á Vestursvæði 2017 | | | 452 |
| | Stjórnun, umsjón og eftirlit öryggisaðgerða á Vestursvæði 2017 | | | 7.222 |
| Samtals áfallinn kostnaður á Vestursvæði 2017: | | | | 100.675 |

Norðursvæði

| Vegkafli | Staður | Áætlun 2017 | Aðgerðir 2017 | Kostnaður í lok árs 2017 (þús.) |
|-------------|--|---|--|---------------------------------|
| 1-k7 | Hringvegur vestan við Gröf | Verk bættist við. | Vegrið var tekið sundur milli stöðva 9609 og 9620 vegna kröfu landeigenda um rekstrarleið. | 616 |
| 1-k8 | Hringvegur í grennd við Öxl | Setja vegrið við ræsi í hárrí fyllingu. | Fláavegrið sett upp í vinstri kanti við ræsi í hárrí fyllingu milli st. 7743-8068 = 325 m. Vegriðið er víravegrið af gerðinni Blue System Slope Fence, styrkleikaflokkur N2. | 2.952 |
| 1-m2 | Hringvegur í Langadal | Setja gátaskildi við enda víravegriðs. | Verk unnið skv. áætlun. | 191 |
| 1-m3 | Hringvegur í Langadal | Setja gátaskildi við enda víravegriðs. | Verk unnið skv. áætlun. | 191 |
| 1-m4 | Hringvegur um Botnastaðabrekku | Setja vegrið. | Í Botnastaðabrekku milli st. 3532-6306 = 2734 m var sett upp fláavegrið í hægri kant. Vegriðið er víravegrið af gerðinni Blue System Slope Fence, styrkleikaflokkur N2. | 22.633 |
| 76-14 | Siglufjarðarvegur við innkomu í Siglufjörð að sunnan | Setja upp hraðaviðvörunarljós. | Hraðaviðvörunarljós sett upp eins og áætlað var. | 4.050 |
| 76-15 | Siglufjarðarvegur við innkomu í Ólafsfjörð að vestan | Setja upp hraðaviðvörunarljós. | Hraðaviðvörunarljós sett upp eins og áætlað var. | |
| 82-03/82-04 | Ólafsfjarðarvegur við innkomu í Dalvík að sunnan. | Setja upp hraðaviðvörunarljós. | Hraðaviðvörunarljós var sett upp eins og áætlað var, einnig var útbúin þrenging í hægri kanti, kafla 82-04, ca. í stöð 100-200 þar sem hús er mjög nálægt götu. | |
| 82-05 | Ólafsfjarðarvegur við innkomu í Dalvík að norðan. | Setja upp hraðaviðvörunarljós. | Hraðaviðvörunarljós sett upp eins og áætlað var. | |
| 82-03 | Ólafsfjarðarvegur við Krossa | Bæta hálkuvörnir þannig að hálkuvárið sé í háлку og flugháلكu. | Háلكuvörnum breytt í samræmi við ákvörðun. Kostnaður greiðist af öðrum lið. | 0 |
| 83-02 | Grenivíkurvegur milli Saurbrúargerðis og Fagrabæjar | Uppsetning vegriðs. | Sett upp fláavegrið, víravegrið af gerðinni Blue System Slope Fence. Styrkleikaflokkur N2: Milli st. 1943-2769 = 826 m og milli st. 2792-4556 = 1764 m vinstra megin. | 22.291 |
| 85-05 | Norðausturvegur um Húsavík | Bæta öryggi gönguleiðar. Fyrsti áfangi umferðaröryggisáætlunar. | Gerð gangbraut með miðeyju á Norðausturveg, móts við sundlaugina á Húsavík. | 9.176 |
| 85-11 | Norðausturvegur í Kelduhverfi | Verkefni bættist við. Setja upp vegrið við djúpa sprungu. | Sett upp fláavegrið við djúpa sprungu. Víravegrið af gerðinni Blue System Slope Fence. Styrkleikaflokkur N2: Milli st. 3582-3728 = 146 m hægra megin og st. 3562-3728 = 166 m vinstra megin. | 3.214 |
| 711-04 | Vatnsnesvegur við Þórsá | Lengja vegrið við alla enda. | Bitavegrið við Þórsá lengt við alla enda, samtals 288 m. | 3.306 |
| 711-07 | Vatnsnesvegur | Lagfæra og merkja útskot. Verkefni sem hófst 2016 haldið áfram. | Verk unnið skv. áætlun. | 4.235 |
| 471 | Þjónustustöð Hvammstanga | | Fjárveiting nýtt í að lagfæra og merkja útskot á Vatnsnesvegi, 711-07, sjá framar. | |

| | | | | |
|-----|---|-----------------|--|-------|
| 472 | Þjónustustöð Sauðárkróki, lagfæringar á umhverfi vega | Ýmsar aðgerðir. | Ræsi lengd á Sauðárkróksbraut. | 1.200 |
| 581 | Þjónustustöð Akureyri, lagfæringar á umhverfi vega | Ýmsar aðgerðir. | Trjágróður hreinsaður af vegsvæði meðfram Eyjafjarðarbraut vestri 821-00/01 | 1.467 |
| 582 | Þjónustustöð Húsavík, lagfæringar á umhverfi vega | Ýmsar aðgerðir. | Trjágróður hreinsaður af vegsvæði meðfram Hringvegi við Voga í Mývatnssveit. | 1.211 |
| | Hönnun öryggisaðgerða á Norðursvæði 2017 | | | 9.283 |
| | Stjórnun, umsjón og eftirlit með öryggisaðgerðum á Norðursvæði 2017 | | | 3.584 |

Samtals áfallinn kostnaður á Norðursvæði 2017:

89.599

Austursvæði – Ath. Miðað er við vegnúmer fyrir breytinguna sem varð 11. nóvember 2017.

| Vegkafli | Staður | Áætlun 2017 | Aðgerðir 2017 | Kostnaður í lok árs 2017 (þús.) |
|-----------------|--|---|---|---------------------------------|
| 1-u9 | Hringvegur við Hólsnes (u.þ.b. í stöð 6000) | Lengja vegrið um u.þ.b. 200 m. | Sett upp vegrið á 184 m kafla. Vegflái og öxl löguð undir. | 5.467 |
| 1-v3 | Hringvegur í grennd við Kallahelli | Setja stefnuörvar í beygju. | Efni keypt en uppsetning er eftir. | 161 |
| 1-v4 | Hringvegur við Jökulsá í Lóni. | Lagfæring vegriðs og lenging um 60 m. | Verk unnið skv. áætlun. | 1.588 |
| 1-v5 | Hringvegur um Almannaskarðsgöng | Verkefni bættist við. | Fræstar voru hvinrendur á milli akreina í Almannaskarðsgöngum. | 522 |
| 1-v6/1-v7/99-01 | Hringvegur við Hafnarveg | Setja buldurspeli sem búnir eru til með klæðingu. | Verkefni frestaðist. Kostnaður er vegna flutnings á efni. | 6 |
| 1-x1_2930 | Hringvegur við Borgarhafnarfjall | Setja stefnuörvar í beygju. | Efni keypt en uppsetning er eftir. | 180 |
| 1-x3 | Hringvegur við Jökulsá á Breiðamerkursandi | Ljósastýring og bættar merkingar. | Búnaður var keyptur en uppsetning er eftir. | 1.612 |
| 1-x6 | Hringvegur við Fagurhólsmýri | Breikka veg við beygjuna og setja fláavegrið. Auk þess þarf að setja beygjuörvar. | Vegur var breikkaður og fláavegrið sett utan í beygjuna. Einnig settar stórar stefnuörvar á bak við vegriðið. | 3.716 |
| 92-02 | Norðfjarðarvegur um Fagradal | Þriðji áfangi öryggisaðgerða. | Vegsvæði lagað og sett efni í fláa undir vegrið og 749 m langt fláavegrið sett upp. | 4.991 |
| 92-03 | | | Vegsvæði lagað og sett efni í fláa undir vegrið og 1.252 m langt fláavegrið sett upp. | 9.513 |
| 92-04 | | | Fláavegrið lengt um 129 m. | 1.246 |
| 92-07 | Norðfjarðarvegur utan við Reyðarfjörð | Hraðahindrandi aðgerðir. | Bæjarhlið (þéttbýlishlið) var sett upp, vegur var breikkaður og skilti keypt. Eftir að búa til miðeyju (stikulausn), klæða breikkun og merkja. Verkinu verður fram haldið 2018. | 1.164 |
| 92-11 | Norðfjarðarvegur við Skorrastað | Bæta merkingar. | Merkingar voru bættar og sett upp handstýrð blikkljós sem hægt er að kveikja á þegar skepnur þurfa að þvera veginn. | 1.558 |
| 93-01 | Seyðisfjarðarvegur | Lagfæra afvötnun við gönguleið, gangbraut, við Selbrekku. Hellusteinar keyptir 2016 en í ljós kom að meira efni þurfti. | Viðbótarefniskostnaður greiddur skv. áætlun. Samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Fljótsdalshéraðs. | 106 |
| 93-02 | Seyðisfjarðarvegur neðan við Fardagafoss | Verkefni bættist við. Setja upp vegrið. | Sett upp 286 m langt fláavegrið við áningarstein. | 2.847 |
| 93-03 | Seyðisfjarðarvegur í Efri- og Neðristaf | Verkefni bættist við. Setja upp vegrið á varasömum stöðum. | Sett upp 1036 m langt fláavegrið á varasömum stöðum í Efri- og Neðristaf. | 11.056 |
| 96-02 | Suðurfjarðarvegur (96) við Norðfjarðarveg (92) | Verkefni bættist við. Bættar merkingar. | Sett voru upp örvamerki [þverslár] á vegamótum Norðfjarðarvegur og Suðurfjarðarvegur. | 41 |
| 96-04 | Suðurfjarðarvegur um Fáskrúðsfjarðargöng | Fræsa hvinrendur á milli akreina. | Verkefni unnið skv. áætlun. | 2.215 |

| | | | | |
|-------|--|---|---|---------------|
| 96-07 | Suðurfjarðavegur | Framhald umferðaröryggisaðgerða. Lagfæra þarf fláa og setja vegrið. | Lagað vegsvæði við Ölvismel og sett upp 711 m langt fláavegrið. | 9.883 |
| 96-08 | Suðurfjarðavegur við Einstigi | Greiða kostnað vegna tjóns sem varð á framkvæmdatíma 2016. | Kostnaður greiddur skv. áætlun. | 961 |
| 592 | Þjónustustöð Fellabæ, lagfæringar á umhverfi vega | Ýmsar aðgerðir. | Lagfæring á vegsvæði við áningarstað að Fardagafossi á Seyðisfjarðarvegi. | 329 |
| 593 | Þjónustustöð Reyðarfirði | Ýmsar aðgerðir. | Lagfæring á vegsvæði neðst á Fagradal. | 1.088 |
| 594 | Þjónustustöð Höfn | Ýmsar aðgerðir. | Greiddur kostnaður v. merkinga. | 34 |
| | Hönnun öryggisaðgerða á Austursvæði 2017 | | | 3.538 |
| | Stjórnun, umsjón og eftirlit öryggisaðgerða á Austursvæði 2017 | | | 4.269 |
| | Samtals áfallinn kostnaður á Austursvæði 2017: | | | 68.090 |

Viðauki IV. Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi

Uppgjör fyrir árið 2017



Verkefni umferðaröryggisáætlunar: Undirgöng fyrir búfé og hvíldarsvæði við þjóðvegi

Uppgjör fyrir árið 2017.

| Vegkafli | Staður | Áætlun 2017 | Aðgerðir 2017 | Kostnaður í lok árs 2017 (þús. kr.) |
|----------|--|---|--|-------------------------------------|
| 30_04 | Skeiða- og Hrunamannavegur við bæinn Hólakot | Gerð búfjarganga. | Sett búfjarræsi að þvermáli 2,0 m. | 6.981 |
| 35-07 | Biskupstungnabraut við bæinn Fellskot | Gerð búfjarganga, annar áfangi. | Sett búfjarræsi að þvermáli 2,8 m. Efni í búfjarræsið var keypt árið 2016. | 6.440 |
| 37-03 | Laugarvatnsvegur við bæinn Ketilvelli | Greiða eftirstöðvar kostnaðar vegna gerðar búfjarganga árið 2016. | | 9.304 |
| 37-03 | Laugarvatnsvegur við bæinn Miðdalskot | Gerð búfjarganga. | Sett búfjarræsi að þvermáli 2,2 m. | |
| 37-04 | Laugarvatnsvegur við bæinn Miðhús | Gerð búfjarganga, annar áfangi. | Sett búfjarræsi að þvermáli 2,6 m. Efni í búfjarræsið var keypt árið 2016. | 13.653 |
| 37-04 | Laugarvatnsvegur við bæinn Austurhlíð | Gerð búfjarganga, fyrsti áfangi. | Efni í búfjarræsið keypt á árinu en framkvæmd er fyrirhuguð árið 2018. | |
| 37-04 | Laugarvatnsvegur við bæinn Úthlíð | Gerð búfjarganga, fyrsti áfangi. | Efni í búfjarræsið keypt á árinu en framkvæmd er fyrirhuguð árið 2018. | |
| 54-04 | Snæfellsnesvegur milli Ystu-Garða og Grundar | Búfjargöng, efniskostnaður og klæðing. | Landeigandi sá um vinnu fyrir utan klæðingu. | 2.646 |

Samtals áfallinn kostnaður 2017:

39.024

Viðauki V. Átak vegna merkinga við einbreiðar brýr

Uppgjör fyrir árið 2017



Átak vegna merkinga við einbreiðar brýr, annar áfangi

Uppgjör fyrir 2017.

| Vegkafli | Brú | Áætlun 2017 | Aðgerðir 2017 | Kostnaður í lok árs 2017 (þús.) |
|----------|-------------------------------|---|---|---------------------------------|
| | | Lokið var að bæta merkingar við einbreiðar brýr á Suðursvæði árið 2016 en hér er um að ræða eftirstöðvar kostnaðar. | Kostnaður greiddur skv. áætlun. | 9 |
| 1-q6 | Skjálfandafljót | Setja viðvörðunarskilti um einbreiða brú í 500 m fjarlægð frá brú. Bæta yfirborðsmerkingar og setja upp blikkljós. | Undirbúningur hófst en framkvæmd frestaðist til 2018. | 181 |
| 1-r5 | Jökulsá á Fjöllum | | Verk unnið skv. áætlun. | 13.462 |
| 1-t5 | Gilsá á Völlum | | Undirbúningur hófst en framkvæmd frestaðist til 2018. | |
| 1-t8 | Breiðdalsá | | Verk unnið skv. áætlun. | |
| 1-u0 | Tinnudalsá | | | |
| 1-u2 | Krossá í Berufirði | | | |
| 1-u5 | Berufjarðará | | | |
| 1-u6 | Búlandsá | | | |
| 1-u8 | Hamarsá | | | |
| 1-u9 | Geithellnaá | | | |
| 1-v0 | Hofsá í Álftafirði | | | |
| 1-v0 | Selá í Álftafirði | | | |
| 1-v2 | Hvaldalsá | | | |
| 1-v3 | Reyðará | | | |
| 1-v3 | Karlsá | | | |
| 1-v4 | Jökulsá í Lóni | | | |
| 1-v4 | Laxá í Lóni | | | |
| 1-v4 | Gjádalsá | | | |
| 96-02 | Sléttuá (ljós var komið áður) | | Bæta þurfti merkingar en blikkljós var komið áður. | |
| 96-07 | Dalsá | | Verk unnið skv. áætlun. | |
| 96-07 | Tunguá í Fáskrúðsfirði | | | |
| 96-10 | Stöðvará | | | |
| 60-04 | Haukadalsá | Unnið að undirbúningi verksins en framkvæmd lauk 2018. | 773 | |
| 60-07 | Fáskrúð | | | |
| 60-07 | Glerá | | | |

Samtals áfallinn kostnaður vegna sérstaks átaks í merkingum einbreiðra brúa árið 2017:

14.424

Viðauki VI. Ársskýrsla Grundaskóla um grunnskólafræðslu





Grundaskóli
Akranesi

Ársskýrsla Grundaskóla Móðurskóla í umferðarfræðslu 2017

Vorönn 2017

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Haustönn 2017

Kristrún Dögg Marteinsdóttir og Margrét Ákadóttir

Efnisyfirlit

| | |
|--|------------|
| Í STUTTU MÁLI | 55 |
| 1 KYNNINGAR OG SKÓLAHEIMSÓKNIR | 55 |
| 1.1 MENNTAVIKA | 55 |
| 1.2 KENNARAHÁSKÓLINN Á AKRUEYRI | 576 |
| 1.3 FYRIRSPURNIR FRÁ KENNURUM..... | 576 |
| 1.4 KENNARÞING VESTURLANDS | 557 |
| 2 HJÓLADAGAR..... | 558 |
| 3 ÞEMAVERKEFNIÐ „GÖNGUM Í SKÓLANN“ Í SAMSTARFI VIÐ ÍSÍ..... | 559 |
| 3.1 „GÖNGUM Í SKÓLANN“ HJÁ MÓÐURSKÓLA Í UMFERÐARFRÆÐSLU..... | 560 |
| 4 NÝTT NÁMSEFNI | 61 |
| 4.1 VINNA VIÐ NÁMSEFNISGERÐ | 60 |
| 4.2 NÁMSEFNI FYRIR UNGLINGASTIG..... | 60 |
| 4.3 NÝJAR SÖGUR FYRIR SIÐFERÐISKVARÐA..... | 60 |
| 4.4 UMFERÐARBINGÓ..... | 61 |
| 4.5 HJÓLANDI VEGFARENDUR Í UMFERÐINNI..... | 61 |
| 4.6 FRÆDSLUMYNDBÖND FYRIR YNGRI NEMENDUR..... | 62 |
| 4.7 UMFERÐARSTÝRING Á GÖNGUM SKÓLANN | 62 |
| 5 ÁHRIF Á NÆRUMHVERFIÐ..... | 63 |
| 5.1 NÝ STOPPISTÖÐ STRÆTÓ | 63 |
| 5.2 BREYTINGAR VIÐ HOFSTAÐASKÓLA | 64 |
| 5.3 NOTKUN ENDURSKINSMERKJA | 64 |
| 6 JÓLASAGA FYRIR JÓLADAGATAL GRUNNSKÓLANNA..... | 65 |
| 7 FRAMTÍÐIN | 66 |

Í stuttu máli

Skýrslan gefur yfirlit yfir helstu störf verkefnastjóra móðurskóla í umferðarfræðslu á árinu 2017. Verkefnin voru í samræmi við þær áherslur sem kynntar voru Samgöngustofu í upphafi árs og tókst að mestu að ná þeim markmiðum sem þar voru sett fram.

Framlag til málaflokksins var aukið aftur eftir samdrátt árin á undan og ber að fagna því og þakka fyrir.

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir sinnti störfum verkefnastjóra á vorönn 2017 en á haustönn tóku þær Margrét Ákadóttir og Krístrún Dögg Marteinsdóttir við starfinu. Yfirumsjón með móðurskólafarfi í umferðarfræðslu var hjá skólustjórn Grundaskóla í samstarfi við Samgöngustofu.

Kynningar og skólaheimsóknir

Að venju fór verkefnastjóri í heimsóknir í grunnskóla og hélt kynningu fyrir kennaranema í Háskóla Íslands, Menntavísindasviði. Einnig tók verkefnastjóri þátt í ráðstefnu á Menntavíku á vegum HÍ, ásamt því að vera með erindi á stóru kennarapingi á Vesturlandi. Rauði þráðurinn í kynningunum eru fjölbreyttir kennsluhættir umferðarfræðslunnar og hvernig samþætta megi umferðarfræðsluna við aðrar námsgreinar. Einnig hefur verið lögð mikil áhersla á að kynna vefsíðuna umferd.is og þau verkefni sem við erum að vinna að þá stundina. Mikil áhugi er t.d. fyrir nýju námsefni fyrir unglingastigið sem heitir „Undirbúningur fyrir ökunám“ ásamt ólíkum þemaverkefnum tengt verkefninu „Göngum í skólann“.

Af ýmsu er að taka þegar farið er yfir verkefni ársins 2017.

Menntavíka



Verkefnastjóri var með erindi á Menntavíku HÍ á Menntavísindasviði þann 6. október. Þar kynnti hann fjölbreytt og skapandi verkefni sem tengjast umferðar-fræðslu. Dæmi voru sýnd um viðfangsefni sem er fært úr bókum í fjölbreytt verkefni þar sem áherslan er lögð á aldursblöndun, samkenntu og samþættingu námsgreina með

fjölbreyttum nemendahópum. Vakin er athygli á mikilvægi umferðarfræðslu og tengslum hennar inn í ólíkar námsgreinar grunnskólans. Einnig sagt frá því að áhersla er lögð á samvinnu nemenda, þar á meðal milli aldurstiga, ásamt samvinnu kennara. Hér má sjá auglýsinguna:

09:00-10:30 TdiverS – Comenius Life Long Learning project – að kenna margbreytilegum nemendahópum námsgreinar Málstofustjóri: Jóhanna Karlsdóttir Viðbrögð námsgreinakennara við fjölbreyttum nemendahópi í skóla án aðgreiningar – niðurstöður rannsóknar Jóhanna Karlsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Edda Óskarsdóttir, post-doc, MVS, HÍ og Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ Kennsla fjölbreytts nemendahóps í sundi Hrafnhildur Sævarsdóttir, grunnskólakennari við Sjálandsskóla, Garðabæ Myndmenntakennsla í skóla án aðgreiningar Eyrún Óskarsdóttir, grunnskólakennari við Grunnskólann á Laugalandi í Holtum **Umferðarfræðsla fyrir alla Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, grunnskólakennari við Grundaskóla, Akranesi** Einstaklingsmiðun í íslensku á unglingastigi í Norðlingaskóla Fanney Snorraddóttir, grunnskólakennari við Norðlingaskóla


Kennaraháskólinn á Akureyri

Okkur hefur ekki tekist að komast að með erindi um umferðarfræðsluna hjá Kennaraháskólanum á Akureyri þrátt fyrir nokkrar tilraunir og ágætis tengsl við kennaradeild skólans. Mikilvægt er að halda áfram að reyna að komast að hjá þeim, því það er mikilvægt að ná til sem flestra kennaranema og auka líkurnar á því þeir tileinki sér efnið og viti hvert megi leita eftir aðstoð varðandi umferðarfræðslu. Að okkar mati er mikilvægt að rækta og styrkja tengslin við menntastofnanir er sinna undirbúningi og kennslu kennaranema á öllum aldursstigum.

Fyrirspurnir frá kennurum

Við fáum þó nokkuð af fyrirspurnum frá kennurum, sérstaklega í kjölfar kynninga. Við svörum þeim eftir bestu getu og sendum að sjálfsögðu einnig reglulega yfir skólaárið, fræðsluefni og annað efni er tengist umferðarfræðslu til skólastjórnenda í landinu. Við fáum undantekningarlaust mikið þakklæti og jákvæð viðbrögð við póstum okkar, sérstaklega þeim póstum sem skólastjórnendur geta gert að sínum og sent beint á foreldrahópinn sinn. Einnig berast oft fyrirspurnir frá skólum um hvernig best er að standa að ýmsum málum s.s. skipulagi umferðar í kringum skóla, fræðsluverkefnum til nemenda og foreldra. Einnig berast oft fyrirspurnir varðandi skipulagningu á teymisverkefnum þvert á árganga, námsgreinar o.s.frv.

Starfsfólk Grundaskóla reynir að ganga á undan með góðu fordæmi en þá eigum við auðveldara með að kynna og segja frá því sem vel er gert og virkar. Þannig er það t.d. með hjólahjálma þar sem við fáum tilboð frá verslunum sem selja slíkt og hvetjum starfsmenn til að kaupa sér þá og ganga þannig á undan með góðu fordæmi fyrir nemendur og foreldra. Skólinn keypti til að mynda nokkra hjólahjálma sem starfsmenn geta fengið að láni séu þeir að fara í hjólaferðir á vegum skólans. Það gildir um okkur starfsmennina eins og nemendur að það fer enginn í hjólaferð á vegum skólans nema að vera með hjálm og annan öryggisbúnað.



Kennaraþing Vesturlands

Um miðjan september var kennaraþing Kennarafélags Vesturlands haldið í Grundaskóla. Á þriðja hundrað kennara, skólastjórnenda og ýmissa gesta fjölmennti á þingið sem var ákaflega vel heppnað. Starfsfólk Grundaskóla hélt utan um skipulag og flutti fjölmörg erindi og kynningar. Verkefnastjóri flutti m.a. fyrsta aðalerindið og kynnti umferðarfræðslustarf í grunnskólum. Í framhaldinu var fyrirspurnum svarað og efninu fylgt eftir með kynningarbás allan daginn. Veggir skólans voru skreyttir margvíslegu kynningarefni og námsefni kynnt með formlegum hætti. Fjölmargar fyrirspurnir bárust í framhaldi af þinginu og verkefnið var í heild ákaflega vel heppnað.



Fulltrúar Grundaskóla funduðu einnig með skólastjórnendum í skólunum og kynntu starf Grundaskóla sem móðurskóla í umferðarfræðslu. Upplýsingum um helstu áherslupætti umferðarfræðslunnar var dreift til viðstaddra.



Kennarapíngið var stærsti viðburður ársins og mest vinna fór í að undirbúa þennan atburð. Það er mikið verkefni að taka á móti svo miklu fjölmenni og ná að kynna fjölbreytt starf eins og unnið er í umferðarfræðslunni. Við erum mjög sátt með framkvæmdina og heyrum ekki af öðru en þingfulltrúar hafi verið á sama máli.

Hjóladaðar

Við erum mjög stolt af því hvernig til hefur tekist með einn af okkar föstu liðum í Grundaskóla en það eru hjóladaðar að vori. Á hverju ári reynum við að þróa þetta verkefni og gera betur en árið á undan. Okkur hefur tekist að taka marga þætti umferðarfræðslunnar inn í það verkefni. Umsjónarkennarar sjá um fræðslu fyrir sinn nemendahóp og er þar t.d. unnið er með umferðarmerkin, hvernig á að hegða sér á hjólum í umferðinni, öryggisbúnað á hjólum, hvernig á að halda hjólunum við og hvernig þau eru gerð klár fyrir sumarið. Síðast en ekki síst er farið



yfir hjálmanotkun og stillingar þeirra. Sú leið sem hefur verið farin að nemendur 8. bekkjar skipuleggi, stjórní og leiðbeini ásamt íþróttakennurum er einkar vel heppnuð. Þar fá nemendur unglíngastígs, sem annars eru oft ekki tilbúnir eða finnast þeir bara „kunna þetta allt“, annað hlutverk. Þeir taka betur eftir og leggja meira á sig þar sem þeir vita að þeir eru nú í hlutverki

leiðbeinenda með ábyrgð á að miðla sinni reynslu til yngri nemenda. Það er góð leið til að rifja upp og kenna nemendum unglíngastígs umferðarfræðslu. Verkefnastjóri hefur fundið það á heimsóknnum sínum í grunnskóla að kennarar eru að kalla eftir frekari upplýsingum og þá helst myndrænum um það hvernig Grundaskóli framkvæmir hjóladaga. Því ákváðum við að fara þá leið að kvikmynda og klippa saman lengra myndband en við áttum áður og leggja áherslu á að sýna vel þá þrautabraut sem stillt er upp ásamt því að sýna framkæmd ratleikja betur. Myndbandið er nú aðgengilegt á Facebooksíðu umferðarvefjarins og einnig á umferd.is.

<https://www.youtube.com/watch?v=Dmnb2ffzbUQ&feature=youtu.be>

<http://www.umferd.is/kennarar/namsefni-fyrir-yngsta-stig/verkefni/hjoladagar/>

Verkefnastjóri mun síðan einnig nýta þetta efni á kynningum fyrir starfsfólk grunnskólanna ásamt því að senda með þeim pakka sem sendur er á skólastjórnendur um það leyti sem skipulag vorsins er planað í grunnskólum landsins.

Hér má sjá myndir frá hjóladögum í Grundaskóla vor 2017
https://www.facebook.com/pg/umferd/photos/?tab=album&album_id=1361886873849256

Þemaverkefnið „Göngum í skólann“ í samstarfi við ÍSÍ

Mjög margir grunnskólar hafa þemadaga í tengslum við verkefnið „Göngum í skólann“. Hér um að ræða frábært tækifæri til að tengja við umferðarfræðslu og heilsuefningu. Móðurskóli í umferðarfræðslu hefur ár hvert skilað inn hugmyndum að þemaverkefni til ÍSÍ og eru þeir hjá Íþróttasambandi Íslands mjög þakklátir og duglegir við að kynna það áfram til skóla landsins.



Verkefnastjóri átti gott samtál við verkefnastjóra Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ, Þórarinn Alvar Þórarinnsson haustið 2017 í kjölfar kynningar verkefnastjóra um fjölbreytta kennslu umferðarfræðslunnar þar sem góð tengsl við verkefni ÍSÍ, Göngum í skólann var nefnt. Hann óskaði eftir því að eiga í meira samstarfi við okkur m.a. með kynningu og samvinnu í tengslum við verkefnið Göngum í skólann. Verkefnastjóri mun óska eftir fundi og kanna frekari

samstarfsmöguleika okkar á þessum vettvangi. Vonandi verður það samstarf komið í fastari farveg árið 2018.

„Göngum í skólann“ hjá móðurskóla í umferðarfræðslu

Verkefninu Göngum í skólann var hleypt af stokkunum í ellefta sinn miðvikudaginn 6. september og lauk svo formlega með alþjóðlega Göngum í skólann deginum miðvikudaginn 4. október.

Líkt og undanfarin ár hefur Grundaskóli lagt áherslu á mikilvægi þess að nota virkan ferðamáta og ganga eða hjóla í skólann.

Í upphafi skólaárs var ákveðið að tengja verkefnið um Gullskóinn inn í þemadaga okkar í kringum Göngum í skólann. Verkefnið Göngum í skólann gengur út á það að tekið er saman í ákveðin tíma með hvaða hætti nemendur koma í skólann. Gangandi, hjólandi, með strætó eða á einkabíl. Sá árgangur sem kemur oftast á tímabilinu í skólann með því að nýta sér virkan ferðamáta fær Gullskóinn til varðveislu í eitt ár. Á þessu tímabili notum við tækifærið og vinnum í þemavinnu ýmist þvert á árganga eða stig, þar sem við tengjum ýmis verkefni við umferð og hreyfingu. Verkefnið eru af ýmsum toga og mismunandi eftir árgöngum hversu umfangsmikil þau eru. Lokapunktur þemadagana og Göngum í skólann er síðan sameiginleg ganga allra nemenda og



starfsmanna þar sem paraðir eru saman eldri nemendur með þeim yngri. Að göngunni lokinni var farið í Akraneshöll þar sem 10. bekkur sá um að skipuleggja hreyfileiki fyrir alla nemendur skólans. Eftir leikina var afhending Gullskósins en það voru nemendur í 6. bekk sem hreptu hann, annað árið í röð.

Á þessari slóð má sjá nánari upplýsingar um verkefni:

<http://gongumiskolann.is/library/Files/2017/Göngum%20í%20skólann%20samantekt%202017%20loka.pdf>

Nýtt námsefni

Mörg ný verkefni tengd umferðarfræðslu litu dagsins ljós í tengslum við þemadaga okkar „Göngum í skólann“. Þau verkefni eru nú aðgengileg á vefnum umferd.is. Gott er að kynna þau fyrir skólastjórnendum grunnskóla í ágúst 2018 eða um það leyti sem grunnskólar landsins fara að undirbúa haustið hjá sér. Það voru gerðar þrjár nýjar sögur fyrir siðferðiskvarða, umferðarbingó var unnið af íþróttakennurum skólans, verkefni gert fyrir hjólandi vegfarendur í umferðinni og hentar fyrir nemendur á miðstigi og myndbönd sem nemendur á unglingastigi unnu og er hugsað sem fræðsluefni fyrir yngri nemendur. Einnig nýttu list- og verkgreinakennarar sér umferðina og reglur hennar til að stýra umferð á göngum skólans og gera þannig umferðarfræðsluna sýnilegri innanhúss.

Vinna við námsefnisgerð

Starfsfólk Grundaskóla hefur unnið kappsamlega að nýju námsefni og að endurskoða eldra efni. Af ýmsu er að taka á því sviði en ef við reynum að fara yfir það helsta þá má nefna eftirfarandi.

Námsefni fyrir unglingastig

Námsefni um „undirbúning fyrir ökunám“ sem verkefnastjóri bjó til og prufukeyrði þrisvar í gegn í valkenndu í unglingadeild Grundaskóla er nú tilbúið til dreifingar og kynningar. Það mun einnig vera aðgengilegt á heimasíðunni umferd.is. Tveir grunnskólar munu kenna efnið á vorönn 2018 en það eru Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit og Brekkubæjarskóli á Akranesi. Verkefnastjóri mun vera þeim innan handar og einnig fá frá þeim athugasemdir um innihald og uppsetningu efnisins. <http://www.umferd.is/unglingar/verkefni/undirbuningurokunam/>



Nýjar sögur fyrir siðferðiskvarða

Hér er um þrjár nýjar sögur að ræða sem byggðar eru upp á sama hátt og aðrar sögur er falla undir verkefnaflokkinn, Siðferðiskvarðinn. Í þeim öllum er sagt frá nokkuð hversdagslegum atburðum. Þó er reynt að hafa atburðarásina með þeim hætti að það sem gerist sé mis alvarlegt og kalli á siðferðislega umræðu meðal nemenda. Sagt er frá atvikum þar sem reynir á að fólk skilji á milli réttar breytni og rangrar. Markmiðið er að nemendur ræði atvikin og meti þau. Matið er síðan fært inn á sérstakan kvarða og rætt enn frekar þegar niðurstöður allra liggja fyrir.



Markmið með þessum verkefnum má setja í eftirfarandi liði.

- Að gefa nemendum tækifæri til að ræða saman um hvað sé rétt og rangt, um tilgang laga og reglna og hvað felst í því að taka tillit til samferðamanna og sýna skynsemi.
- Að efla siðferðisvitund og rökhugsun nemenda.
- Að nemendur þjálfist í umræðu og rökræðu um siðferðileg álitaeefni.

Daglegt líf gerir kröfur til fólks um að það geti brugðist við mismunandi aðstæðum. Í umferðinni reynir á að menn kunnir, skilji og fylgi þeim reglum sem samfélagið hefur sett. Lög og reglur eru skráðar leikreglur sem öllum ber að fylgja en til viðbótar er fjöldi óskráðra reglna þar sem skynsemi og tillitssemi í samskiptum ráða ferð. Það sem einum kann að finnast alvarlegt finnst öðrum frekar léttvægt. Þar ráða fyrri reynsla og aðstæður hverju sinni. Verkefnum er falli undir verkefnaflokkinn, Siðferðisvarðinn er ætlað að hjálpa nemendum að verða sjálfstæðari í hugsun og færa rök fyrir máli sínu. Stundum er ekki hægt að ákvarða hvort eitthvert tiltekið atriði sé rétt eða rangt heldur hitt hvort það hafi verið heppilegt eða betra hefði verið að gera hlutina með öðrum hætti. Nemendum gefst þá tækifæri til að benda á að betra hefði verið að bregðast öðruvísi við o.s.frv. Þannig má segja að umræðan í sjálfu sér skipti mestu en ekki endilega hver niðurstaðan nákvæmlega er hverju sinni.

Þær þrjár sögu sem koma nú inn nefnast:

Gangbrautarkerkið

<https://eplica.samgongustofa.is/media/umferd.is/Sidferdiskvardi--Gangbrautarkerkid.pdf>

Örugg gönguleið

<https://eplica.samgongustofa.is/media/umferd.is/Sidferdiskvardi--Orugg-gonguleid.pdf>

Umferðaröryggisáætlun

<https://eplica.samgongustofa.is/media/umferd.is/Sidferdiskvardi-Umferdaroryggisaaetlun.pdf>

Umferðarþingó

Kjörið er að tengja saman hreyfingu og vinnu með umferðarfræðslu. Í þessu verkefni er lögð áhersla á vinnu með umferðarkerki í gegnum hreyfingó. Tvær útfærslur voru gerðar á verkefninu. Önnur sem hentar yngri nemendum og hin eldri nemendum. Á þessari slóð má nálgast verkefnið.

<https://eplica.samgongustofa.is/media/umferd.is/Umferdin-i-ithrottahusinu-kennsluaetlun-loka.pdf>



Hjólandi vegfarendur í umferðinni

Verkefnið gengur út á að nemendur kynna sér aðgengi í bænum fyrir hjólandi vegfarendur og öryggi þeirra í umferðinni. Ítarleg kennsluáætlun fylgir með og hentar hún nemendum frá fjórða til sjöunda bekk.

<https://eplica.samgongustofa.is/media/umferd.is/nytt-Hjolandi-vegfarendur-Kennsluaetlun-themadagar-4.-bekkur-loka.pdf>



Fræðslumyndbönd fyrir yngri nemendur

Verkefnið hentar nemendum á unglingastigi. Nemendur útbúa fræðslumyndbönd fyrir yngri nemendur. Hugsunin með verkefninu er að fá eldri nemendur til að vera jákvæðar fyrirmyndir í umferðinni og miðla þekkingu sinni og reynslu sem þátttakendur í umferðinni til yngri nemenda. Í ferlinu sem nemendur fara í gegnum gefst jafnframt tækifæri til að skerpa á ýmsum reglum og hegðun í umferðinni. Á þessari slóð má nálgast myndbandið.

<http://www.umferd.is/nemendur/8-10-bekkur/eg-og-umferdin/myndbond/?CacheRefresh=1>



Umferðarstýring á göngum skólann

Umhverfi skólahúsnæðisins býður upp á marga möguleika í umferðarfræðslu. Einn af þeim er til dæmis að nýta sér umferðarmerkin til að hægja á nemendum þegar þeir ganga um húsnæðið. Yfirskrift verkefnisins var „Hvernig getum við nýtt umferðarmerkin til að ná tökum á hraðanum“. Kennarar fengu nemendur með sér í lið við að búa til umferðarmerki, fótspor og annað sem tengdist verkefninu <https://eplica.samgongustofa.is/media/umferd.is/Nytt-Umferdastyring-gangandi-vegfarenda-innan-skolans-loka.pdf>



Áhrif á nærumhverfið

Það er mikilvægt að starfsfólk skóla landsins, foreldrar og aðrir séu vakandi fyrir því sem betur má fara í umferðaröryggismálum. Það er einnig gott að fara reglulega yfir helstu þætti í umferðaröryggismálum í kringum skólana því hætt er við því að menn sofni á verðinum og telji núverandi ástand ásættanlegt.

Ný stoppistöð strætó

Starfsmenn Grundaskóla tóku eftir því að börnum sem tóku strætó í skólann á morgnana var hleypt út úr honum á mjög óheppilegum stað öryggislega séð. Það var vissulega stutt að fara í skólann fyrir þau en engan vegin ásættanlegt öryggis þeirra vegna. Verkefnastjóri hafði því samband við forsvarsmenn strætó á Akranesi og óskaði eftir skýringum á þessu. Málið fór þannig að við fundum út öruggan og góðan stað nærri göngustíg sem liggur að skólabyggingu frá nýjasta hverfi bæjarins. Í kjölfarið bjó verkefnastjóri til glærुकynningu sem hver kennari kynnti fyrir sínum nemendahópi, um öruggustu leiðina sem ætti að ganga frá nýju stoppistöðinni.

Einnig sendum við tölvupóst til foreldra þar sem farið var yfir málið og kynnt fyrir þeim hver væri öruggasta gönguleiðin úr strætó í skólann. Skólinn hvetur til þess að nemendur nýti virkan ferðamáta til og frá skóla þar sem því verður við komið eða almenningssamgöngur. Það er því á ábyrgð skólans að stuðla að því að aðkoma að skólahúsnæðinu sé sem best og öruggust fyrir þá sem nýta sér þessa ferðamáta.

Hér er um vinnu sem getur gagnast við úrlausn mála í öðrum sveitarfélögum. Það er gagnlegt að fara í gegnum þetta ferli og skoða málin út frá öllum hliðum. Þar má nefna öryggi farþega, skipulag gatna, akstursáætlun, samþættingu uppeldislegra sjónarmiða, hönnunar o.m.fl. Hvernig geta skólar átt frumkvæði að umræðu og breytingum. Einnig hvernig sveitarfélög geti skipulagt þetta verkferli betur en of oft eru útboð á akstursþjónustu bara skoðuð út frá tíma eða eignum kílómetrum.



Breytingar við Hofstaðaskóla

Í kjölfar þessarar vinnu höfum við reynt að leiðbeina nokkrum skólum og sveitarfélögum í sambærilegum málum. Dæmi um slíkt er þegar forsvarsmenn Hofstaðaskóla í Garðabæ höfðu samband við Grundaskóla og óskuðu eftir heimsókn frá verkefnastjóra til að taka út aðkomu vélknúinna ökutækja að skólasvæðinu. Þar eru ökumenn að keyra mjög nálægt aðaldyrum skólans og þau ökutæki sem koma með aðföng í skólann aka m.a. yfir hluta af skólalóð og leiksvæði við skólann. Einnig er mjög dimmt og þröngt við bílastæði við skólann. Í stuttu máli þá var heimsóknin mjög jákvæð og kynnti verkefnastjóri hvernig tekið er á svipuðum málum í móðurskóla í umferðarfræðslu og hvatti skólastjórnendur til að fara svipaða leið. Vandinn var greindur með þeim og leiðir fundnar til úrbóta. Síðar höfðu skólastjórnendur Hofstaðaskóla samband við tæknideild Garðabæjar þar sem þessar hugmyndir að breyttri aðkomu að skólanum voru ræddar. Fengu forsvarsmenn Hofstaðaskóla kynningaglærurnar



sem verkefnastjóri bjó til, til að hafa til hliðsjónar við gerð kynningarefnis fyrir nemendur sína um aðkomu að skólanum og hvaða leið væri öruggast að fara. Málið var einnig kynnt foreldrum og forráðamönnum og fólk hvatt til að fara vel yfir málin með börnum sínum og tryggja þannig öryggi þeirra til og frá skóla. Starfsfólk Grundaskóla studdi Hofstaðskólafólk í vinnunni með margvíslegri ráðgjöf. Að sjálfsögðu nýtti verkefnastjóri tækifærið í vinnunni og kynnti fyrir kennurum og skólastjórnendum fjölbreytt verkefni er tengjast umferðarfræðslu ásamt því sem hægt er að nálgast á heimasíðunni umferd.is

Notkun endurskinsmerkja

Ákveðið var að gera könnun á notkun endurskinsmerkja og endurskinsvesta við grunnskólana tvo á Akranesi. Niðurstaðan kom nokkuð á óvart því tæplega helmingur, eða 46%, var ekki með neitt endurskin. Einungis 6 % nemenda var í endurskinsvesti en um 48 % nemenda voru með laus endurskinsmerki eða með endurskin í fatnaði.

Það er afar mikilvægt að börnin séu vel sjáanleg í umferðinni og voru foreldrar hvattir til þess að sjá til þess að allir væru vel útbúnir því nóg er um endurskinsmerki sem fyrirtæki og félagasamtök eru að gefa. Bent var á að endurskinsvestin séu best en allir ættu að gæta þess að bera endurskinsmerki, sérstaklega ef



fatnaður er ekki með góðu endurskini og var bent á upplýsingar um endurskin á vef Samgöngustofu

<http://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/oryggi/endurskin/>

Þessa vinnu má auðveldlega yfirfæra á aðra skóla, nýta hvatningarpóst o.þ.h. og er verkefnastjóri tilbúinn að aðstoða þá sem þess óska.

Jólasaga fyrir jóladagatal grunnskólanna

Að ósk Samgöngustofu fórum við aftur í það verkefni að fá nemendur í 10. bekk að gera nýja jólasögu undir handleiðslu verkefnastjóra og umsjónarkennara. Verkefnið var afar vel heppnað árið 2016 og tókst það ekki síður vel þetta árið. Mikilvægt er að skipta út jólasögu annað slagið en vel er hægt að endurnýta þær sögur sem til eru eftir nokkur ár. Verkefnastjóri hefur hug á að fá aðra grunnskóla í lið með sér á næsta ári og kynna þar um leið móðurskóla í umferðarfræðslu og óska eftir samstarfi við gerð nýrrar jólasögu frá nýjum skóla ár hvert. Sagan er síðan sett á vefinn umferd.is, þar sem einn gluggi opnaðist á hverjum degi frá 1. – 24. desember og svöruðu nemendur spurningum út frá þeim texta sem þar birtist daglega.

Í ár var sú nýjung að reynt var að tengja saman söguskrif og greiningarvinnu í bókmenntum. Jólasagan var sett upp og einstakir hlutar sögunnar greindir s.s. eftir bókmenntalegum skilgreiningum. Slík vinna er gagnleg hvort sem byggja á upp söguskrif eða greina söguna eftir á. Þetta framtak hefur vakið nokkra athygli og hafa nokkrir íslenskukennarar lýst yfir áhuga á að vinna með þetta verkefni í framhaldinu.



Framtíðin

Á undanförunum árum hefur starfsfólk Grundaskóla staðið fyrir mikilli nýsköpun í umferðarfræðslunni, gert námsefni og þróað ýmis verkefni. Þessi vinna hefur svo margfaldast í öðrum skólum landsins sem hafa geta nýtt sér þekkingu og reynslu móðurskóla í umferðarfræðslu. Þetta verklag er mjög hagkvæmt og til fyrirmyndar en þó má telja nauðsynlegt að fara að huga að frekari tengingum á þessu sviði til annarra landa og læra af þeim sem standa framarlega í umferðaröryggismálum.

Verkefnastjóri hefur lýst yfir áhuga á að kynna sér hvað önnur lönd eru að gera í umferðarfræðslu á grunnskólastiginu. Starfsfólk Samgöngustofu ætlar einnig að hafa augu og eyru opin fyrir spennandi námskeiðum er varða þetta efni. Við höfum fylgst með nýju efni á veraldarvefnum og sent út fyrirspurnir til útgáfufyrirtækja. Frekar rólegt virðist vera á þessu sviði og nýtt efni ekki aðgengilegt.

Þrjú fulltrúar Grundaskóla munu sækja stóra kennslufræðisýningu í Birmingham í mars 2018. Nokkur vinna hefur farið í að kynna sér efni sýningarinnar og hvort þar sé eitthvað að finna sem getur nýst í umferðarfræðslustarfinu hér heima. Vonast er til að finna megi nýtt efni sem möguleiki er á að þýða fyrir Umferðarvefinn eða fá hugmyndir sem nýta megi undir öðrum formerkjum í starfinu.

Það er mat verkefnastjóra að það brenni mest á að auka verkefnagerð á miðstigi grunnskólans til að ná þessum hópi um borð í umferðaröryggisvagninn. Yngstu börnin eru mjög móttækileg en þar er til mjög gott námsefni. Þau eldri eru kannski ekki eins móttækileg fyrir þessari fræðslu og því er það hópurinn á miðstiginu sem er lykillinn að því að ná enn betri árangri í umferðarfræðslunni. Mikið hefur verið gert fyrir unglíngastigið þannig að staðan er nokkuð góð á því stigi.

Heimsóknir í aðra skóla eru ómetalegar fyrir starfsmenn þeirra skóla. Á árinu 2017 var gerð tilraun með að láta skólana greiða hluta kostnaðar við heimsóknir verkefnastjóra og féll það ekki í góðan jarðveg. Þessar heimsóknir þurfa líklega að vera skólunum að kostnaðarlausu og setja þyrfti upp ákveðið kerfi til að vinna eftir og klára þannig að heimsækja alla grunnskóla landsins á nokkrum árum. Það er hins vegar kostnaðarsamt og því háð fjárframlögum í verkefnið. Skynsamlegt er að samþætta heimsóknir í skóla á öllum skólastigum í hverju sveitarfélagi og þannig er hægt að byggja upp heildstæðara umferðaröryggisstarf þvert á skólastig. Kannski er hugmynd að skipuleggja slíkt starf samhliða vinnu s.s. með fræðslu til sveitarfélaga vegna mótunar umferðaröryggisáætlana.

Í lok árs 2017 ákváðu Samgöngustofa og Grundaskóli að nú væri runnin upp sú stund að breyta þyrfti um kúrs í starfinu. Starf og þróun móðurskóla í umferðarfræðslu hefur skilað miklum árangri en nú er tímabært að sameina fræðsluna öðrum verkefnum sem eru unnin af starfsfólki Samgöngustofu. Í lok árs hófst vinna við að ganga frá lausum endum og færa einstök verkefni yfir til starfsfólks stofnunarinnar. Stefnan er að þessari vinnu verði lokið á vormánuðum 2018 og þar með lýkur starfi móðurskólastarfs í umferðarfræðslu.

Akranesi 14/02 2018

Virðingarfyllt

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Krístrún Dögg Marteinsdóttir og Margrét Ákadóttir

